SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

# STARFSSKÝRSLA SASS

## fyrir starfsárið 2018 - 2019

Október 2019

Hönnun og umbrot: Tjörvi Óskarsson, www.upplausn.is

SASS, október 2019 – www.sass.is

# EFNISYFIRLIT


INNGANGUR 4

STJÓRN, STARFSMENN OG STARFSSTÖÐVAR 4

SKIPULAG 5

- Skipurit SASS 6

VERKEFNI Á SVIÐI BYGGÐAÞRÓUNAR 7

- Ráðgjafaþjónustan 7
- Uppbyggingarsjóður Suðurlands 10
- Sóknaráætlun 2015 til 2019 13
- Sóknaráætlun - Stefnumörkun og áhersluverkefni 15
- Áhersluverkefni Sóknaráætlunar árið 2018 18
- Áhersluverkefni Sóknaráætlunar árið 2019 25

UNGMENNARÁÐ SUÐURLANDS 31

ALMENNINGSSAMGÖNGUR 31

ART VERKEFNIÐ 33

SAMNINGAR 34

UMSAGNIR OG ÁLYKTANIR 34

LOKAORÐ 35

# INNGANGUR

Í þessari ársskýrslu SASS fyrir starfsárið 2018 – 2019 er fjallað um helstu verkefni á milli aðalfunda í október 2018 og október 2019. Farið er yfir störf stjórnar og gerð grein fyrir þeim verkefnum sem samtökin vinna að.

# STJÓRN, STARFSMENN OG STARFSSTÖÐVAR

Í stjórn SASS sem kosin var á aðalfundi SASS 2018 í Hveragerði sitja; Eva Björk Harðardóttir, Skaftárhreppi, formaður, Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð, varaformaður, Ásgerður Kristín Gylfadóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Vestmannaeyjabæ, Björk Grétarsdóttir, Rangárþingi ytra, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, Ari B. Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg, Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerðisbæ og Grétar Erlendsson, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Stjórnin hefur haldið 12 fundi milli aðalfunda og hafa þeir flestir verið haldnir á skrifstofu SASS að Austurvegi 56, Selfossi, en auk þess á Hótel Selfossi, Icelandair hótel Vík, Hótel Laka í Skaftárhreppi og á Hótel Geysi í Bláskógabyggð. Sveitarstjórnum í þeim sveitarfélögum sem heimsótt voru var boðið á stjórnarfundi til fræðast og skiptast á skoðunum um mikilvæg málefni. Auk hefðbundinna stjórnarfunda sóttu stjórnarmenn aðra fundi og ráðstefnur fyrir samtökin.

Eftirtaldir hafa setið fundi stjórnar sem varamenn: Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Hveragerði, Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, Kristján G. Guðnason, Sveitarfélaginu Hornafirði, Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra og Njáll Ragnarsson, Vestmannaeyjabæ.

Samgöngunefnd SASS var skipuð sem starfsnefnd á milli ársþinga.

Í henni eiga sæti Sæmundur Helgason, formaður, Sveitarfélaginu Hornafirði, Ari B. Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg, Valgerður Sævarsdóttir, Bláskógabyggð, Njáll Ragnarsson, Vestmannaeyjabæ, Drífa Bjarnadóttir, Mýrdalshreppi, Engilbert Olgeirsson, Rangárþingi ytra, Þórunn Ösp Jónasdóttir, Ungmennaráði Suðurlands og Alda Alfreðsdóttir, SASS.

Nefndin hélt sex fundi frá febrúar til september 2019, tveir fundir voru á Selfossi, tveir í gegnum fjarfundabúnað, einn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og einn í Vík í Mýrdal.

Nefndin fékk til sín góða gesti sem upplýstu um stöðu hinna ýmsu samgöngumála, frá Vegagerðinni komu Svanur Bjarnason, Bergþóra Þorkelsdóttir, Valtýr Þórisson og Jónas Snæbjörnsson; frá Markaðsstofu Suðurlands, Laufey Guðmundsdóttir og Anna Valgerður Sigurðardóttir; frá lögreglunni á Suðurlandi, Kjartan Þorkelsson, Rannveig Brynja Sverrisdóttir og Björn Ingi Jónsson sem sinnir almannavörnum hjá embættinu og loks þingmennirnir Ari Trausti Guðmundsson, Ásmundur Friðriksson og Páll Magnússon.

Skýrsla samgöngunefndar er með aðalfundargögnum.

Sveitarfélög á Suðurlandi eiga tvo fulltrúa í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þær Aldísi Hafsteinsdóttur, Hveragerði, formaður, og Ásgerði Kristínu Gylfadóttur, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Hjá SASS starfa Alda Alfreðsdóttir, Ragnheiður Óskarsdóttir, Þórður Freyr Sigurðsson auk Bjarna

Guðmundssonar framkvæmdastjóra. Við ART verkefnið starfa þrír sérfræðingar þau Sigríður Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri, Gunnar Þór Gunnarsson og Katrín Þrastardóttir.

Samtökin hafa starfsstöðvar á Selfossi og Hvolsvelli.

# SKIPULAG

Skipulagsbreytingar voru gerðar á starfsemi samtakanna í desember 2015. Markmið skipulagsbreytinganna var að gera starfsemina skilvirkari, hagkvæmari og sveigjanlegri, um leið og náð yrði fram aukinni samlegð með ólíkum samstarfsaðilum á Suðurlandi. Á sama tíma var markmiðið að tryggja áfram slagkraft samtakanna á sviði hagsmunagæslu sveitarfélaga á Suðurlandi og uppbyggingu innviða. Höfuðmarkmiðið er að starfsemin eflist á öllum sviðum.

Nú tæpum þremur árum síðar má sjá að nokkuð hefur áunnist en ávinningurinn felst m.a. í:

- mannauðnum, sem er fjölbreyttari og þekkingin er víðtækari
- öflugu tengslaneti
- staðþekkingu
- hagræði, en fastur kostnaður hefur lækkað
- styrkingu stoða og miðlun þekkingar

Samhliða því sem hefur áunnist eru áskoranirnar margar, m.a.:

- samhæfa / samræma þarf vinnuna þannig að allir gangi í takt
- mikill fjöldi ráðgjafa
- landfræðilega er nokkur fjarlægð á milli ráðgjafa sem þarf að yfirvinna
- læra hvert inn á annað og takast á við nýja hluti – ekki til fyrirmynd hjá öðrum

Þegar öllu er á botninn hvolft er niðurstaðan sú að skipulagsbreytingarnar hafa leitt til þess að:

- veitt er sveigjanlegri og öflugri þjónusta
- SASS hefur aðgang að víðtækari þekkingu
- fastur rekstrarkostnaður hefur lækkað
- samlegðaráhrifa gætir fyrir alla samstarfsaðila
- meira samstarf og samtal er á milli stofnana á Suðurlandi auk þess sem mannauðurinn er nýttur þvert á landshlutann
- tengslanet hefur stækkað

# Skipurit SASS




*Tók gildi 17. desember 2015*

# VERKEFNI Á SVIÐI BYGGÐAÞRÓUNAR

Starfsemi á sviði byggðaþróunar hjá SASS er unnið í nánu samstarfi samstarfsstofnana á starfssvæði samtakanna. Leiðarljós starfseminnar byggir á Sóknaráætlun Suðurlands og þeirri stefnumörkun sem þar hefur verið sett fram fyrir landshlutann til framtíðar. Hlutverk og aðgerðir í byggðaþróun á Suðurlandi byggja á ráðgjöf, greiningum, þróunarverkefnum og styrkveitingum. Ráðgjöf er veitt á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála. Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkir nýsköpunar- og menningarverkefni. Einnig er unnið að þróunarverkefnum á sviði atvinnu-, menningar- og menntamála í landshlutanum. Hlutverk SASS og samstarfsaðila á þessum sviðum, snýr fyrst og fremst að ráðgjöf og verkefnastjórnun.
Samstarfsaðilar SASS eru Háskólafélag Suðurlands, Markaðsstofa Suðurlands, Kötlusetur í Vík, Kirkjubæjarstofa á Kirkjubæjarklaustri, Þekkingarsetur Vestmannaeyja og Nýheimar þekkingarsetur á Höfn.

## Ráðgjafaþjónustan

Ráðgjöf er veitt af ráðgjöfum á vegum SASS. Sú þjónusta byggir að mestu á samningi SASS og Byggðastofnunar um atvinnu- og byggðaþróun á Suðurlandi.

Meginstarfssvið ráðgjafaþjónustu:

- Atvinnuþróun og nýsköpun
- Menningarstarf
- Samstarfsverkefni á sviði byggðaþróunar

Þjónustan tekur mið af stefnu landshlutans eins og hún kemur fram í Sóknaráætlun Suðurlands. Markmiðin fara því saman með markmiðum Uppbyggingarsjóðs Suðurlands og annarri verkefnavinnu.

Markmið í ráðgjöf eru að:

- styðja við atvinnuskapandi- og/eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi
- styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs og jákvæða samfélagsþróun á Suðurlandi
- efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi

Um þriðjungi vinnustunda ráðgjafa og verkefnastjóra hefur verið varið til beinnar ráðgjafar á Suðurlandi á vegum samtakanna á sl. ári eins og undanfarið. Aðstoð og leiðbeiningar við gerð umsókna í Uppbyggingarsjóð Suðurlands er stærsti einstaki liðurinn sem skráður er í tengslum við ráðgjöf, næst á eftir er aðstoð við gerð rekstrar- eða viðskiptaáætlana og aðstoð við mótun viðskiptahugmynda með frumkvöðlum og rekstraraðilum. Önnur verkefni á sviði ráðgjafarþjónustunnar dreifast á mörg ólík svið. Aðrar vinnustundir samstarfsaðila eru að mestu skráðar á tiltekin verkefni, s.s. áhersluverkefni á vegum Sóknaráætlunar Suðurlands, önnur minni verkefni eða innra starf.

Reglubundin könnun var framkvæmd í vor á viðhorfi umsækjenda í Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Um 97% umsækjenda sem svöruðu könnuninni höfðu nýtt sér þjónustu ráðgjafa á vegum SASS við vinnslu umsóknarinnar og voru um 92% mjög eða frekar ánægð með þjónustuna.

Þórður Freyr Sigurðsson er sviðsstjóri þróunarsviðs SASS og fer með yfirumsjón með ráðgjafarþjónustunni, veitir hann og starfsmenn samstarfsaðila ráðgjöf á sínum starfsstöðvum.

# Ráðgjafar á vegum SASS

**Þórður Freyr Sigurðsson**
*Sviðsstjóri þróunarsviðs*
**Stofnun:** SASS
**Starfsstöðvar:** Selfoss og Hvolsvöllur
**Netfang:** thordur@sass.is
**Sími:** 480 8200
**Sérsvið:** Byggðaþróun, Uppbyggingarsjóður, Sóknaráætlun, stefnumótun og áætlanagerð.

**Ragnhildur Sveinbjarnardóttir**
*Ráðgjafi og verkefnastjóri*
**Starfsmaður:** Markaðsstofu Suðurlands
**Starfsstöð:** Selfoss
**Netfang:** ragnhildur@south.is
**Sími:** 560 2030
**Sérsvið:** Ferðaþjónusta og markaðsmál.

**Hrafnkell Guðnason**
*Ráðgjafi og verkefnastjóri*
**Starfsmaður:** Háskólafélags Suðurlands
**Starfsstöð:** Selfoss
**Netfang:** hrafnkell@hfsu.is
**Sími:** 560 2030 / 560 2041
**Sérsvið:** Uppbyggingarsjóður, styrkumsóknir, frumkvöðlastuðningur, áætlanagerð og markaðsmál.

**Sigurður Sigursveinsson**
*Framkvæmdastjóriri*
**Starfsmaður:** Háskólafélags Suðurlands
**Starfsstöð:** Selfoss
**Netfang:** sigurdur@hfsu.is
**Sími:** 560 2030 / 560 2040
**Sérsvið:** Menntamál, byggðaþróun og og Sóknaráætlun Suðurlands.

**Hrafn Sævaldsson**
*Nýsköpunar-og þróunarstjóri*
**Starfsmaður:** Þekkingarseturs Vestmannaeyja
**Starfsstöð:** Vestmanneyjar
**Netfang:** hrafn@setur.is
**Sími:** 861 2961
**Sérsvið:** Rekstrar- og viðskiptaáætlanir,nýsköpun, sjávarútvegur, umsóknir, styrkir og Uppbyggingarsjóður.

**Vala Hauksdóttir**
*Forstöðukona*
**Starfsmaður:** Kötluseturs
**Starfsstöð:** Vík
**Netfang:** kotlusetur@vik.is
**Sími:** 852 1395
**Sérsvið:** Ferðaþjónusta og menning

**Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir**
*Ráðgjafi og verkefnastjóri*
**Starfsmaður:** Nýheima þekkingarseturs
**Starfsstöð:** Höfn
**Netfang:** gudrun@nyheimar.is
**Sími:** 867 6604
**Sérsvið:** Uppbyggingarsjóður Suðurlands, frumkvöðlastuðningur og gerð viðskiptaáætlana.

**Þuríður Helga Benediktsdóttir**
*Atvinnumálafulltrúi Skaftárhrepps*
**Starfsmaður:** Kirkjubæjarstofu
**Starfsstöð:** Kirkjubæjarklaustur
**Netfang:** framtid@klaustur.is
**Sími:** 893 2115
**Sérsvið:** Ferðaþjónusta, rekstur og byggðamál.

**Dagný Hulda Jóhannsdóttir**
*Framkvæmdastjóri*
**Starfsmaður:** Markaðsstofu Suðurlands
**Starfsstöð:** Selfoss
**Netfang:** dagny@south.is
**Sími:** 560 2030
**Sérsvið:** Ferðaþjónusta og markaðsmál.

**Guðmundur Fannar Vigfússon**
*Ráðgjafi og verkefnastjóri*
**Starfsmaður:** Markaðsstofu Suðurlands
**Starfsstöð:** Selfoss
**Netfang:** fannar@south.is
**Sími:** 560 2030
**Sérsvið:** Ferðaþjónusta og markaðsmál.

**Ingunn Jónsdóttir**
*Ráðgjafi og verkefnastjóri MPM*
**Starfsmaður:** Háskólafélags Suðurlands
**Starfsstöð:** Selfoss
**Netfang:** ingunn@hfsu.is
**Sími:** 560 2030 / 560 2042
**Sérsvið:** Vöru-, umbúða- og grafísk hönnun, stefnumótun, verkefnastjórnun og áætlanagerð.

**Guðlaug Ósk Svansdóttir**
*Ráðgjafi og verkefnastjóri*
**Starfsmaður:** Háskólafélags Suðurlands
**Starfsstöð:** Hvolsvöllur
**Netfang:** gudlaug@hfsu.is
**Sími:** 560 2030
**Sérsvið:** Uppbyggingarsjóður Suðurlands, ferðaþjónusta, menning og skipulagsmál.

**Páll Marvin Jónsson**
*Framkvæmdastjóri*
**Starfsmaður:** Þekkingarseturs Vestmannaeyja
**Starfsstöð:** Vestmannaeyjar
**Netfang:** pmj@eyjar.is
**Sími:** 481 2696
**Sérsvið:** Nýsköpun, ferðaþjónusta, menning, sjávarlíffræði og rannsóknir.

**Hugrún Harpa Reynisdóttir**
*Forstöðumaður*
**Starfsmaður:** Nýheima þekkingarseturs
**Starfsstöð:** Höfn
**Netfang:** hugrunharpa@nyheimar.is
**Sími:** 852 8088
**Sérsvið:** Umhverfismál og alþjóðaverkefni.

**Kristín Vala Þrastardóttir**
*Verkefnastjóri*
**Starfsmaður:** Nýheima þekkingarseturs
**Starfsstöð:** Höfn
**Netfang:** kristinvala@nyheimar.is
**Sími:** 470 8088
**Sérsvið:** Uppbyggingarsjóður Suðurlands, menning og ferðaþjónusta.

# Uppbyggingarsjóður Suðurlands

SASS hefur umsjón með Uppbyggingarsjóði Suðurlands sem er hluti af Sóknaráætlun Suðurlands. Sjóðurinn veitir verkefnastyrki í tveimur flokkum; menningarverkefni og atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni. Tvær úthlutanir eru á ári, að vori og að hausti. SASS og samstarfsaðilar veita jafnframt einstaklingum og lögaðilum ráðgjöf og aðstoð við gerð umsókna og eftirfylgd verkefna er hljóta styrk úr sjóðnum.

## Markmið Uppbyggingarsjóðs Suðurlands eru eftirfarandi:

- styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs og jákvæða samfélagsþróun á Suðurlandi
- efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi
- styðja við atvinnuskapandi- og/eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi

## 90 m.kr. til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóð á árinu 2019

Til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands á árinu 2019 eru um 90 m.kr. Í fyrri úthlutun ársins bárust 107 umsóknir og var 45 menningarverkefnum veittur styrkur að fjárhæð um 25 m.kr. og 29 atvinnu- og nýsköpunarverkefni fengu nálægt sömu upphæð. Samtals voru 74 verkefni styrkt. Samtals voru um 50 m.kr. úthlutað í vor. Verið er að yfirfara umsóknir síðari úthlutunar en umsóknarfrestur var til 8. október 2019. Ráðgert er að úthluta um 40 m.kr. í haustúthlutuninni.

## Árangursmat styrkveitinga

Á árinu 2016 var unnið að gerð árangursmats styrkveitinga á vegum sjóðsins. Unnin var könnun meðal styrkþega þar sem spurt var út í framgang verkefna og áhrifa styrkveitinga. Annars vegar fyrir nýsköpunarverkefni og hins vegar fyrir menningarverkefni. Var reynt að leggja mat á áhrif styrkveitinga m.t.t. fjölda starfa, nýrra vara og fjölda menningarviðburða. Niðurstöður fyrra árangursmats bentu til að mikill meirihluti nýsköpunarverkefna leiddi í raun til eiginlegrar atvinnusköpunar og að sú starfsemi krefðist fjölbreyttrar menntunar, sem var mikilvæg staðfesting á því starfi sem unnið er með sjóðnum og ráðgjöfum á vegum SASS. Það gaf einnig sterka mynd af mikilvægi sjóðsins, að ekki hefði orðið af um þriðjungi þeirra menningarverkefna sem sjóðurinn styrkti ef ekki hefði komið til styrkveitingarinnar. Þegar hefur árangursmatið verið endurtekið vegna verkefna frá árunum 2016-2019 og stefnt er að því að kynna niðurstöður þess á ársþingi SASS 2019.

## Fyrirkomulag styrkveitinga út árið 2019

Uppbyggingarsjóður Suðurlands varð til samhliða undirritun samninga við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið, um sóknaráætlanir landshluta. Sjóðurinn tók við hlutverki Menningarráðs Suðurlands og Vaxtarsamnings Suðurlands. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og veitir verkefnastyrki. Sjóðurinn er fjármagnaður með samningi við ráðuneytin og með framlögum frá sveitarfélögunum (áður framlög til menningarmála/menningarsamnings). Gildistími samnings um

sóknaráætlanir landshluta og þar með Uppbyggingarsjóðs Suðurlands, er frá árinu 2015 til loka árs 2019. Núverandi fyrirkomulag og umgjörð styrkveitinga hjá SASS byggir áfram á þeim grunni út árið 2019. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári, í mars og október ár hvert.

## Hlutverk verkefnastjórnar og fagráða

Verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands fer einnig með hlutverk úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Suðurlands (sjá kafla um verkefnastjórn sóknaráætlunar). Verkefnastjórnin hefur það meginhlutverk gagnvart sjóðnum að setja sjóðnum úthlutunarreglur og framfylgja þeim. Framkvæmdin felst fyrst og fremst í að skipa tvö fagráð sem leggja mat á umsóknir sem berast til sjóðsins. Annars vegar er fagráð á sviði atvinnuþróunar- og nýsköpunar og hins vegar fagráð um menningarverkefni. Fagráðin gera tillögur að úthlutun sem lagðar eru fyrir verkefnastjórn. Verkefnastjórnin tekur svo endanlega ákvörðun um úthlutanir sjóðsins að því gefnu að stjórn SASS staðfesti úthlutunina. Eftirfarandi aðilar voru skipaðir í fagráðin á vegum Uppbyggingarsjóðsins.

***Menningarverkefni - fagráð***

- Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir, söngkona og tónlistarkennari, Fljótshlíð
- Marteinn Steinar Þórsson, kvikmyndagerðarmaður, Hveragerði
- Inga Lára Baldvinsdóttir, safnvörður á Þjóðminjasafni Íslands, Eyrarbakka

***Nýsköpunarverkefni - fagráð***

- Bergsteinn Einarsson, framkvæmdarstjóri Set ehf., Selfossi
- Helga Björk Ólafsdóttir, framkvæmdarstjóri leikskólans Sóla, Vestmannaeyjum
- Laufey Helgadóttir, ferðaþjónustubóndi að Smyrlabjörgum, Suðursveit

## Mat á umsóknum

Í matsferli umsókna er stuðst við eftirfarandi viðmiðunarþætti. Vægi viðmiðunarþátta eru á skalanum 1 til 5. Einkunnir eru gefnar við hvern viðmiðunarþátt og eru þær einnig á skalanum 1 til 5. Einkunn hvers þáttar er margfölduð með vægi viðmiðunarþáttar og samanlögð niðurstaða er heildareinkunn hvers verkefnis. Eftirfarandi matsþættir eru lagðir til grundvallar við mat á verkefnum.

Matsþættir og vægi í verkefnum á sviði atvinnuþróunar- og nýsköpunar:

1. Fellur vel að markmiðum og áherslum (vægi 4)
2. Hefur jákvæð áhrif á samfélag, mannlíf og menningu á Suðurlandi (vægi 5)
3. Felur í sér aukin fjölbreytileika í menningarlífi á Suðurlandi (vægi 5)
4. Forsendur og útfærsla raunhæf – þekking og reynsla til staðar (vægi 4)
5. Styrkveiting hefur mikil áhrif á framgang verkefnis (vægi 4)

Matsþættir og vægi í verkefnum á sviði menningarmála:

1. Fellur vel að markmiðum og áherslum (vægi 4)
2. Atvinnusköpun til lengri tíma og á heilsárs grundvelli á Suðurlandi (vægi 5)
3. Mikil nýsköpun og/eða nýnæmi á Suðurlandi (vægi 4)
4. Forsendur og útfærsla raunhæf – þekking og reynsla til staðar (vægi 5)
5. Styrkveiting hefur mikil áhrif á framgang verkefnis (vægi 4)

Nánari upplýsingar um núgildandi úthlutunarreglur og áherslur er að finna á heimasíðu SASS. Einnig má þar nálgast yfirlit yfir styrkt verkefni fyrri úthlutana.

## Þjónustukönnun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands

Framkvæmd hefur verið þjónustukönnun meðal umsækjenda í Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Slík könnun var nú framkvæmd í fjórða sinn sl. vor, samhliða fyrri úthlutun sjóðsins á árinu 2019. Könnunin var send til 103 aðila, umsækjenda og skráðra verkefnisstjóra í innsendum umsóknum. Svarhlutfall var rúmlega 60%.

Helstu niðurstöður þjónustukönnunar:

- Rúmur fjórðungur umsækjenda fékk ábendingu um sjóðinn frá vini
- Um 70% umsækjenda taldi að stærð og fjöldi styrkveitinga ætti að ráðast af eðli verkefnanna
- Rúm 85% umsækjenda voru frekar eða mjög ánægð með umsóknarformið
- Um 97% svarenda voru sáttir með tvær úthlutanir á ári
- Um 96% svarenda sem nýttu sér þjónustu ráðgjafa á vegum SASS, voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustu ráðgjafa á vegum SASS
- Um 97% umsækjenda voru í sambandi við ráðgjafa við vinnslu umsókna
- Um helmingur styrkþega vænta ráðgjafar um frekari möguleika á fjármögnun verkefnisins og um 60% þeirra sem ekki hljóta styrk vænta sömu þjónustu

**„Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu ráðgjafa á vegum SASS?"**



# SÓKNARÁÆTLUN 2015 til 2019

Þann 10. febrúar 2015 var skrifað undir samninga um sóknaráætlanir landshluta fyrir tímabilið 2015-2019. Þar með voru sameinuð í einn samning verkefni sóknaráætlunar, vaxtarsamnings og menningarsamnings.

Sóknaráætlanir fela í sér mikla nýbreytni í opinberri stjórnsýslu þar sem verið er að færa aukna ábyrgð á útdeilingu fjármagns til landsbyggðanna. Jafnframt

## Verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands

Verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands fer fyrir samningi um sóknaráætlun landshlutans ásamt því að fara með hlutverk úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Suðurlands.

Stjórn SASS skipar verkefnastjórnina. Þar sem verkefnastjórnin starfar einnig sem úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðsins, mega kjörnir fulltrúar sveitarstjórna ekki vera fleiri en sem nemur 40% nefndarmanna, samkvæmt ákvæði í samningi um sóknaráætlun við ráðuneytin. Verkefnastjórnin er í dag skipuð fimm aðilum og þar af einum úr stjórn SASS. Verkefnastjórnin getur verið skipuð fleiri eða færri aðilum svo lengi sem reglu þessari um hlutföll kjörinna fulltrúa er fylgt. Á síðasta ári gaf Sandra Dís Hafþórsdóttir ekki lengur kost á sér, sem hafði setið í verkefnastjórninni frá upphafi og allan þann tíma sem formaður verkefnastjórnar. Í hennar stað var Unnur Þormóðsdóttir skipuð í verkefnastjórnina og sem formaður hennar.

Verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands er skipuð eftirtöldum aðilum:

- Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður
- Arna Ósk Harðardóttir
- Runólfur Sigursveinsson
- Elís Jónsson
- Sveinn A. Sæland

## Lög um sóknaráætlanir

Alþingi samþykkti í júlí 2015 ný lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, lög nr. 69/2015. Með tilkomu þeirra hafa sóknaráætlanir verið lögfestar til framtíðar. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið kemur fram að svo framarlega sem fullnægjandi fjárveitingar fáist til verkefnisins stuðli ný lög að markvissari aðgerðum í byggðamálum og bættum árangri. Í umsögn sambandsins er bent á að eftirfarandi umbætur felist í samningnum:

- Vandaðri langtímaáætlanagerð á landsvísu og fyrir landshlutana átta. Í stað fjögurra ára byggðaáætlunar fyrir landsbyggðina verður byggt á heildstæðri byggðaáætlun fyrir allt landið til sjö ára og landshlutaáætlunum til sama tíma.
- Meiri samhæfing milli opinberra áætlana muni leiða til betri nýtingar á opinberu fé og betri árangurs.
- Skipulagðir farvegir fyrir þverfaglegt samstarf á milli ráðuneyta um byggðamál og milli ríkis og sveitarfélaga muni gera stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga skilvirkari.
- Aukið samráð og samvinna innan landshlutanna um áætlanir og aðgerðir og meira forræði heimamanna muni stuðla að markvissari aðgerðum og betri árangri í innleiðingu aðgerða.

## Hlutverk og markmið sóknaráætlana

Meginhlutverk og markmið sóknaráætlana eru þríþætt:

1. Vinna að stefnumörkun landshlutans - að lágmarki í þeim málaflokkum sem kveðið er á um í samningi
2. Ráðstafa fjármunum til áhersluverkefna á grundvelli stefnumörkunar landshlutans
3. Úthluta styrkjum til menningar- og nýsköpunarverkefna (Uppbyggingarsjóður Suðurlands) á grundvelli stefnumörkunar landshlutans og opinberrar stefnumörkunar þar sem það á við.




## Stjórnskipulag og hlutverk

Hver landshluti hefur sitt skipulag og verklag við eftirfylgni samnings um sóknaráætlanir. Hlutverk og skipulag hefur verið skilgreint hjá SASS og er eftirfarandi:

Hlutverk stjórnar SASS:

- Skipa verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands
- Ákvarða um hlutverk samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Suðurlands
- Staðfesta úthlutanir Uppbyggingarsjóðs Suðurlands
- Staðfesta tillögur verkefnastjórnar um áhersluverkefni
- Staðfesta úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Suðurlands

Hlutverk stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál:

- Stýrihópur stjórnarráðsins staðfestir tillögur verkefnisstjórnar um áhersluverkefni og fer með eftirlit og umsýslu með samningnum fyrir hönd ráðuneytanna
- Stýrihópurinn fær verklagsreglur landshlutasamtaka um úthlutun styrkveitinga til staðfestingar

Hlutverk Byggðastofnunar:

- Byggðastofnun annast afgreiðslu framlaga samkvæmt samningi og eftir innsendum greiðslubeiðnum frá landshlutasamtökunum

Hlutverk verkefnastjóra Sóknaráætlunar Suðurlands:

- Verkefnastjóri annast umsýslu og framkvæmd með samningi SASS um Sóknaráætlun Suðurlands
- Verkefnastjóri annast umsýslu og framkvæmd með Uppbyggingarsjóði Suðurlands
- Verkefnastjóri framfylgir Sóknaráætlun Suðurlands og áhersluverkefnum í samvinnu við framkvæmdastjóra og verkefnastjórn Sóknaráætlunar

Skipurit Sóknaráætlunar Suðurlands:



# SÓKNARÁÆTLUN - STEFNUMÖRKUN OG ÁHERSLUVERKEFNI

## Af störfum og framgangi Sóknaráætlunar Suðurlands

Fyrst á árinu 2015 vann samráðsvettvangurinn að mótun stefnu fyrir Sóknaráætlun Suðurlands, 2015 til 2019. Boðaðir voru 40 fulltrúar sem tilnefndir voru af sveitarfélögum á Suðurlandi. Með réttri samsetningu hópsins átti að tryggja breiða aðkomu sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum og að teknu tilliti til aldurs- og kynjasamsetningu. Unnið var í hópavinnu að framtíðarsýn fyrir Suðurland og megináherslum til næstu ára. Við þá vinnu var einnig stuðst við niðurstöður úr vinnuhópum á ársþingi SASS það sama ár og menningarstefnu Suðurlands frá árinu 2013. Afraksturinn var stefnumörkun landshlutans til loka ársins 2019. Sú stefnumörkun er leiðarvísir við mótun verkefna og við val og fjármögnun áhersluverkefna í dag.

Á árinu 2016 var unnið á fundi samráðsvettvangsins að framsetningu verkefnahugmynda sem uppfylla áttu sett markmið úr stefnumörkun landshlutans. Á fundinum komu fram 132 tillögur að áhersluverkefnum eða aðgerðum. Verkefnastjórn flokkaði tillögurnar og unnu ráðgjafar á vegum SASS að nánari útfærslu á þeim verkefnum. Sum þeirra verkefna hafa nú þegar komið til framkvæmdar og eru að finna í upptalningunni hér á eftir.

Árið 2017 kom samráðsvettvangurinn saman að nýju, ásamt kjörnum fulltrúm sveitarfélaganna. Um var að ræða kynningarfund á starfsemi í kringum Sóknaráætlun Suðurlands ásamt kynningum á hluta þeirra áhersluverkefna sem unnið hefur verið að. Í lok fundarins var unnið í hópum og stefnumörkunin rýnd, með það að markmiði að forgangsraða markmiðum, m.t.t. þeirra áherslna sem þátttakendur vildu sjá við val á næstu áhersluverkefnum og á síðari hluta tímabils Sóknaráætlunar Suðurlands 2015 til 2019.

Á árinu 2018 var samráðsvettvangurinn ekki verið kallaður saman vegna breytinga í sveitarstjórnum. Hins vegar hefur verið ákveðið að endurnýja umboð hans í framhaldi af sveitarstjórnarkosningum sl. vor. Kallað var að nýju eftir tilnefningum frá sveitarfélögunum og nýr samráðsvettvangur settur saman.

Árið 2019 er síðasta ár samningsins um Sóknaráætlun Suðurlands 2015 til 2019 og kom samráðsvettvangurinn því saman til að móta nýja sóknaráætlun Suðurlands til næstu 5 ára eða til fram til ársins 2024. Fundur samráðsvettvangs var haldin á Hótel Selfossi 23. maí 2019 í kjölfar viðamikla íbúafunda um allan landshlutann.

Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands eru flest tilkomin sem tillögur frá stjórn SASS, ársþingum SASS, frá vinnufundi samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Suðurlands, vinnufundum ráðgjafa og verkefnastjóra á vegum SASS eða sem innsendar tillögur af vef SASS. Öll með það að markmiði að uppfylla stefnur og markmið Sóknaráætlunar Suðurlands.

### Megináherslur Sóknaráætlunar Suðurlands til 2020:

- Auka samvinnu á milli sveitarfélaga í sem flestum málefnum.
- Vinna að heildrænni kortlagningu á náttúru, mannauði og menningu á Suðurlandi og draga fram sérstöðu einstakra svæða.
- Skapa jákvæða ímynd af Suðurlandi sem byggir á gæðum og hreinleika.
- Vinna að umhverfisvakningu með sjálfbærni að leiðarljósi og auka sjálfbæra nýtingu á orku og auðlindum.
- Hækka menntunarstig á Suðurlandi með eflingu framboðs og aðgengis að menntun í heimabyggð.
- Auka fjölbreytni í atvinnulífi, mannlífi, menningu og menntun.

*Sjá nánari upplýsingar um stefnumörkun landshlutans á heimasíðu SASS*

## Framhald Sóknaráætlunar Suðurlands

Nú er fyrsta tímabili Sóknaráætlunar Suðurlands að ljúka, 2015 til 2019. Verkefnið hefur þróast mikið á tímabilinu, bæði hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) sem og hjá ríki. Það má segja að tilraunaverkefninu um sóknaráætlanir landshluta sé hér með að ljúka og við taki nýtt tímabil þar sem mörkuð verður stefna til framtíðar sem byggir á reynslu fyrra tímabils.

Við mótun Sóknaráætlunar Suðurlands 2020 til 2024 var áhersla lögð á samráð við íbúa og breiða sátt. Mótunarferlið var fimmþætt og hófst með íbúafundum um sérhvert málefnasvið vítt og breitt um landshlutann. Afurðir fundanna voru dregnar saman sem uppistaðan í efnistökum við mótun nýrrar sóknaráætlunar.

Fundur samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Suðurlands var haldinn í maí þar sem unnið var með niðurstöður íbúafunda. Um er að ræða stefnumótunarfund þar sem mörkuð var stefna landshlutans til ársins 2024. Afurð fundarins er ætlað að vera megináherslur, gildi og framtíðarsýn fyrir landshlutann til ársins 2024.

Vinnuhópar voru í framhaldinu skipaðir af verkefnastjórn sem störfuðu með ráðgjöfum og verkefnastjórum á vegum SASS. Þar sem unnið var að samræmingu markmiða og aðgerða, m.t.t. opinberrar stefnumörkunar, byggðaáætlunar og eftir atvikum alþjóðlegum samþykktum og stefnum einstakra sveitarfélaga. Vinnuhóparnir skiluðu drögum að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024 ásamt undirstefnum.

Drög að Sóknaráætlun Suðurlands var kynnt opinberlega og öllum gert mögulegt að senda inn athugasemdir eða ábendingar. Sérstaklega var óskað eftir umsögnum frá ákveðnum hagaðilum, s.s. sveitarfélögunum á Suðurlandi (ásamt nefndum sveitarfélaga), Byggðastofnun, stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál og Atorku – félagi atvinnurekenda á Suðurlandi. Teknar voru saman umsagnir við drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024 og undirstefnum.

Að loknu samráðsferli tók verkefnastjórn við að móta endanleg drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024, ásamt tengdum stefnum, til stjórnar SASS og til endanlegrar samþykktar á ársþingi SASS 2019.

## Hvað er Sóknaráætlun Suðurlands?

Sóknaráætlun Suðurlands er sértæk byggðaáætlun fyrir Suðurland og jafnframt samheiti yfir samning landshlutasamtakanna við hið opinbera um fjármögnun Sóknaráætlunar og Uppbyggingarsjóðs Suðurlands. Sóknaráætlun Suðurlands byggir á lögum um byggðaáætlun og Sóknaráætlanir landshluta nr. 69/2015.

## Hvaða málefni eru tekin fyrir í Sóknaráætlun Suðurlands?

Málefnasviðin eru eftirfarandi en landshlutasamtökum er í sjálfsvald sett hvort þau séu fleiri, en þau geta ekki verið færri en eftirfarandi:

- Atvinnuþróun og nýsköpun
- Menntamál, mannauður og lýðfræðileg þróun svæða
- Menningarmál

## Hver er aðkoma sveitarfélaga að Sóknaráætlun Suðurlands?

Sveitarfélögin á Suðurlandi hafa öll tilnefnt fulltrúa í samráðsvettvang Sóknaráætlunar sem saman stendur af 40 fulltrúum alls frá samtals 15 sveitarfélögum á Suðurlandi. Samráðsvettvangurinn er stefnumarkandi fyrir gerð Sóknaráætlunar og hefur m.a. komið að mótun framtíðarsýnar, megin áherslna og markmiða Sóknaráætlunar. Einnig hefur samráðsvettvangurinn komið að tillögugerð áhersluverkefna. Samráðsvettvangurinn kemur saman að lágmarki einu sinni á ári.

## Hver er aðkoma almennings að Sóknaráætlun Suðurlands?

Allir geta sent inn tillögu að áhersluverkefni á vegum Sóknaráætlunar. Tillagan er send í gegnum vef SASS (www.sass.is). Tillagan kemur þá fyrir augu verkefnastjórnar Sóknaráætlunar sem tekur afstöðu til hennar. Innsendar hugmyndir eða tillögur geta verið nýttar að hluta eða í heild.

## Hvað eru áhersluverkefni?

Áhersluverkefni eru verkefni á vegum Sóknaráætlunar, sem ákveðið er að hrinda í framkvæmd til að uppfylla markmið landshlutans á því málefnasviði.

## Hver velur áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands?

Stjórn SASS skipar verkefnastjórn Sóknaráætlunar sem fer fyrir verkefninu. Verkefnastjórnin velur verkefnin sem þurfa að falla að stefnumörkun landshlutans en stjórn SASS og stýrhópur stjórnarráðsins um byggðamál þurfa einnig að staðfesta þau.

## Hvað eru miklir fjármunir til verkefna í Sóknaráætlun Suðurlands?

Heildarupphæðin ræðst af fjárlögum hvers árs. Á árinu 2019 eru um 120 mkr. sem koma frá ríkinu. Framlög sveitarfélaga á Suðurlandi eru um 14,5 mkr. Af þessum fjármunum fara 9 mkr. til reksturs en annað er til úthlutunar í gegnum Uppbyggingarsjóð Suðurlands og til áhersluverkefna sóknaráætlunar.

## Er hægt að sækja um fjármagn til verkefna í gegnum Sóknaráætlun Suðurlands?

Það er ekki talað um að sækja um fjármagn til tiltekinna áhersluverkefna í gegnum Sóknaráætlun. Hins vegar geta allir lagt fram tillögur að verkefnum. Það er síðan verkefnastjórnar að meta og ákvarða hvort unnið verði að tilteknu áhersluverkefni og hverjum yrði falið að framkvæma það. Uppbyggingarsjóður Suðurlands tekur hins vegar á móti umsóknum um verkefnastyrki á sviði nýsköpunar- og menningarmála tvisvar sinnum á ári.

## Hvað ná Sóknaráætlanir yfir langt tímabil?

Núgildandi Sóknaráætlun Suðurlands nær til áranna 2015 til 2019. Tímabil Sóknaráætlunar endurspeglast í þeim samningi sem landshlutasamtökin gera við hið opinbera. Landshlutasamtökum er frjálst að endurskoða áætlunina óháð því tímabili og sérhvert áhersluverkefni getur náð til eins eða fleiri ára innan þessa tímabils.

# ÁHERSLUVERKEFNI SÓKNARÁÆTLUNAR ÁRIÐ 2018

1. Umhverfis Suðurland - umhverfisátak
2. Hugmyndasamkeppni um nýtingu varmaorku á Suðurlandi
3. Umhverfis- og auðlindastefna Suðurlands – 1. áfangi
4. Alþjóðaflugvöllur á Suðurlandi - veðurathuganir í landshlutanum
5. Faghásklanám á Suðurlandi - tilraunaverkefni
6. Innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu á Suðurlandi
7. Menningarpassi Suðurlands
8. Hagnýtar hagtölur á Suðurlandi – 1. áfangi
9. Upplýsingavefur fyrir fjárfesta - "invest in south"
10. Starfamessa á Selfossi 2019
11. Starfakynning í Vestmannaeyjum 2018
12. Námskeiðaröð fyrir frumkvöðla á Suðurlandi
13. Nýsköpunarkeppni framhaldsskólanna á Suðurlandi - 1. áfangi
14. Hvatningarverðlaun á sviði atvinnuþróunar-, nýsköpunar og menningar á Suðurlandi
15. Fræðsla og samvinna ungmennaráða á Suðurlandi
16. Skaftárhreppur til framtíðar (Brothætt byggð í Skaftárhreppi)

## 1. Umhverfis Suðurland - umhverfisátak

Umhverfis Suðurland er áhersluverkefni og sameiginlegt átak sveitarfélaganna fimmtán á Suðurlandi með SASS. Það gengur út á öflugt árvekniátak þar sem íbúar, fyrirtæki og sveitarfélög í landshlutanum eru hvött til að endurhugsa neyslumynstur sitt og hvetja til græns lífstíls í sátt við náttúru. Verkefnið á uppruna sinn í ályktun sem samþykkt var á ársþingi SASS á árinu 2017 og fellur vel að stefnumörkun Sóknaráætlunar Suðurlands. Átakið var áætlað að standa yfir í eitt ár með ýmsum viðburðum og þemum samkvæmt dagskrá verkefnisins. Verkefninu var hrint úr vör um mitt ár 2018. Nánar um verkefnið á vefnum: umhverfissudurland.is.

*Verkefnisstjórar eru Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Ingunn Jónsdóttir og Kristín Vala Þrastardóttir, ráðgjafar og verkefnastjórar á vegum SASS.*

*http://www.sass.is/umhverfis-sudurland/*

## 2. Hugmyndasamkeppni um nýtingu varmaorku á Suðurlandi

Tilgangur samkeppninnar var að fá fram hugmyndir um nýtingu varmaorku sem finnst víða á Suðurlandi og býður upp á fleiri tækifæri en nýtt eru í dag. Markmiðið er að nýta betur verðmætin sem eru í orkunni, auka fjölbreytni í atvinnulífi með umhverfismál að leiðarljósi og vinna að nýsköpun í orkutengdri starfsemi. Verkefninu lauk með afhendingu verðlauna til þeirra sem hlutskarpastir voru í samkeppninni. Það var verkefnið „Lón í svörtum sandi“ sem var hlutskarpast. Verðlaunahugmyndin snýst um að byggja upp ferðamannalón með heitu vatni í svörtum fjörusandinum við Þorlákshöfn. Í umsögn dómnefndar um Black Beach Lagoon segir: „Um er að ræða aðdráttarafl fyrir ferðamenn með samspili sjávar, fjöru og jarðhita í umhverfi þar sem myrkur, norðurljós og íslensk náttúra njóta sín. Auk þess býður tillagan upp á vaxtartækifæri með frekari tengingu við heilsueflingu, vellíðan og íþrótta- og útivistarfólk. Tillagan er vel unnin og samnýtir á áhugaverðan hátt staðbundnar auðlindir. Tillagan er hvorutveggja í senn frumleg og raunhæf. Gert er ráð fyrir stóraukinni jarðvarmanýtni og minni sóun. Dómnefnd ákvað að veita vinningstillögunni verðlaun að upphæð 1,5 m.kr. Nýsköpunarmiðstöð Íslands mun auk þess veita höfundum tillögunnar aðstoð við frekari þróun viðskiptahugmyndarinnar. Orka náttúrunnar mun einnig bjóða höfundum vinningstillögunnar upp á ráðgjöf frá sérfræðingum fyrirtækisins Veitur sem er systurfyrirtæki Orku náttúrunnar. Nánar má lesa um aðrar verðlaunahugmyndir í frétt á vef SASS.

*Verkefnisstjóri var Haraldur Hjaltason ráðgjafi hjá Artemis.*

*http://www.sass.is/hugmyndasamkeppni-um-nytingu-varmaorku-a-sudurlandi-2/*

## 3. Umhverfis- og auðlindastefna Suðurlands – 1. áfangi

Verkefnið spratt upp úr ráðstefnu SASS á Hellu í mars 2015 þar sem leitast var við að draga fram megin áskoranir í byggðaþróun á Suðurlandi. Jafnframt var rætt hvernig auka mætti skilning á sameiginlegum skipulagsmálum og hvernig sveitarfélögin geti tekist á við þau í sameiningu. Í framhaldi af ráðstefnunni var ákveðið að vinna sameiginlega verkefnisáætlun fyrir svæðisskipulag á Suðurlandi. Ársþing SASS ákvað í kjölfarið að taka fyrstu skref í vinnunni með gerð Kortavefsjár Suðurlands. Á ársþingi 2017, var ákveðið að taka næstu skref í þeirri vegferð. Var því verkefni mótað um gerð umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland, þar sem niðurstaða fyrri vinnu fulltrúa allra sveitarfélaganna á Suðurlandi taldi helst þörf á að vinna sameiginlega stefnu í þeim málaflokkum. Haldnir voru 7 opnir stefnumótunarfundir um allan landshlutann þar sem markmiðið var að draga fram áherslur og meginatriði í umhverfis- og auðlindastefnu fyrir landshlutann. Nánar um verkefnið á sérstakri vefsíðu verkefnis er að finna hér: sass.is/umhverfisogaudlindastefna/

*Verkefnisstjóri er Guðlaug Ósk Svansdóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS.*

*http://www.sass.is/umhverfis-og-audlindastefna-sudurlands-1-afangi/*

## 4. Alþjóðaflugvöllur á Suðurlandi - veðurathuganir í landshlutanum

Verkefnið er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða samantekt á veðurfarslegum gögnum yfir 10 ára tímabil á Suðurlandi. Hins vegar frekari greiningu á þeim svæðum sem uppfylla skilyrði fyrir alþjóðlegan flugvöll á svæðinu. Fyrsta áfanga verkefnisins er nú lokið með útgáfu á skýrslu um veðurfar á Suðurlandi sl. 10 ár. Skýrsluna má nálgast á vefsvæði verkefnisins á vef SASS. Einnig hefur þekju með upplýsingum um veðurgögn verið bætt við Kortavef Suðurlands. Seinni hluti verkefnisins fól í sér ýtarlegri veðurfarsgreining á þeim svæðum sem uppfylla, í fyrsta lagi, veðurfarsleg skilyrði alþjóðaflugvallar, öðru lagi, standast prófanir vegna náttúruváa og í þriðja lagi, stærð svæðis þarf að anna atvinnusvæði atvinnuflugvallar. Kannaðir voru fimm staðir, við fjórar flugbrautir eða flugvelli á Suðurlandi auk svæðis í flóanum sunnan við Selfoss. Var höfuðáhersla lögð á greiningu hliðarvinda enda hefur sá veðurþáttur mest takmarkandi áhrif á notkun flugvalla á Íslandi. Rýnd voru gögn frá um 40 ára tímabili, árin 1980-2017, og reiknað út mat á nothæfistuðli fyrir þrjár hliðarvindstakmarkanir, 10, 13 og 20 hnúta, sem samsvarar 5,1, 6,7 og 10,3 m/s.

Þessi forathugun gefur til kynna að aðstæður séu veðurfarslega nokkuð hagstæðar fyrir tveggja flugbrauta alþjóðaflugvöll á Suðurlandi, ef valin er staðsetning í nokkurri fjarlægð frá fjöllum. Líklega er þó matið heldur of hátt fyrir hliðarvind auk þess sem ekki er tekið tillit til annara takmarkandi veðurþátta. Augljóst er að ef ákveðið yrði að fara í slíka uppbyggingu á Suðurlandi þyrfti að hefja sem fyrst veðurathuganir, þar sem staðbundið yrði mælt a.m.k. vindur, hiti, úrkoma, skýjahæð og skyggni í nokkur ár

*Verkefnisstjóri er Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS.*

*http://www.sass.is/althjodaflugvollur-a-sudurlandi-vedurathuganir-i-landshlutanum/*

## 5.Faghásklólanám á Suðurlandi – tilraunaverkefni

Markmið verkefnisins er að koma á námi í tæknifræði og leikskólafræðum á faghásklólastigi á Suðurlandi. Á grundvelli niðurstaðna fjarnámsskýrslunnar (áhersluverkefni 2017) og samstarfs við HfSu og HÍ hefur verið unnið að greiningarvinnu og mótun náms á stigi faghásklólanáms í tæknifræði og leikskólafræðum. Verður kennslan fyrsta skólaárið bundin við Suðurland. Gert er ráð fyrir að um fjarnám/dreifnám verði að ræða og stunda megi það með vinnu. Verkefnið er unnið af Háskólafélagi Suðurlands og Háskóla Íslands. Samstarf er komið á um framkvæmd tilraunaverkefnis um nám á sviði faghásklólanáms í hagnýtum leikskólafræðum. Tíu nemendur stunduðu námið á haustönn 2018, allir úr Árnessýslu. Kennarar HÍ komu vikulega í Fjölheima á Selfossi til að styðja betur við nemendur á upphafsönn námsins. Allir nemendurnir stóðust námskröfur og innrituðust í Háskóla Íslands á vorönn 2019.

*Verkefnisstjóri er Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands.*

*http://www.sass.is/faghaskolanam-a-sudurlandi-tilraunaverkefni/*

## 6. Innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu á Suðurlandi

Um er að ræða verkefni á vegum Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) og er áhersluverkefni þetta stuðningur við innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu á Suðurlandi. Um er að ræða nýsköpun í íslenskri heilbrigðisþjónustu og er verkefni mikilvægt m.t.t. aukinnar þjónustu á landsbyggðinni. Verkefnið er unnið af HSU með samningi um verkefnið og tengist innleiðingu þeirra með öðrum fjárstuðningi hins opinbera við innleiðinguna.

*Verkefnisstjóri er Hjörtur Kristjánsson framkvæmdastjóri lækninga hjá HSU.*

*http://www.sass.is/innleiding-fjarheilbrigdisthjonustu-a-sudurlandi/*

## 7. Menningarpassi Suðurlands

Verkefnið gengur út á það að skapa sameiginlegan kynningarvettvang fyrir söfn, sýningar og aðra menningarstarfsemi á Suðurlandi með útgáfu bæklings eða menningarpassa. Þeir sem fá menningarpassann geta fengið afslátt af aðgangseyri þar sem það á við eða annarri þjónustu sem er í boði. Bæklingnum með upplýsingum um söfn, sýningar og aðra menningarstarfsemi á Suðurlandi verður dreift til upplýsingamiðstöðva, safna, setra og sýninga á Suðurlandi og inn á öll heimili á Suðurlandi. Um er að ræða útgáfu á myndrænu korti yfir söfn og sýningar á Suðurlandi. Auglýst var eftir þátttakendum sem reka söfn, sýningar og aðra menningarstarfsemi á Suðurlandi og um 24 aðilar tóku þátt í verkefninu. Kortið fór í dreifingu á öll heimili á Suðurlandi, og alla þátttakendur verkefnisins, í upphafi árs 2019.

*Verkefnisstjóri er Ragnhildur Sveinbjarnardóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS.*

*http://www.sass.is/menningarkort-sudurlands/*

## 8. Hagnýtar hagtölur á Suðurlandi – 1. áfangi

Um er að ræða verkefni sem snýr að öflun og framsetningu ýmissa hagtalna og lýðfræðilegra upplýsinga um svæðið. Litið er til þess að framsetning gagna verði á vef SASS og með gagnvirkum hætti, þannig að unnt verði að skoða og bera saman ólíkar breytur í sömu gröfum og súluritum. Uppsetning og viðmót gagnvirks gagnagrunnar er í þróun og áætlað er að þeim áfanga ljúki í október. Um er að ræða lýðfræðilegt mælaborð sem beintengt er við gagnagrunn Hagstofu Íslands, sem tryggir að nýjustu upplýsingar séu sýnilegar að hverju sinni.

*Verkefnisstjóri er Hrafn Sævaldsson ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS.*

*http://www.sass.is/hagnytar-hagtolur-a-sudurlandi-1-afangi/*

## 9. Upplýsingavefur fyrir fjárfesta – „invest in south“

Verkefnið snýr að því að koma upp safni upplýsinga fyrir fjárfesta á sérstöku vefsvæði. Stuðst er við gátlista yfir upplýsingar sem talin er þörf á fyrir fjárfesta, oftast þá miðað við erlenda fjárfesta en upplýsingar verða á íslensku og ensku. Einnig verður stuðst við almennar upplýsingar um fjárfestingar á Íslandi, sem að hluta eru upplýsingar sem koma frá Íslandsstofu en einnig unnið með verkefninu „Innviðagreining Suðurlands“ þar sem upplýsingar um innviði Suðurlands verður komið á framfæri, að því marki er þau eiga við þann markhóp. Einnig verður unnið með Kortavef Suðurlands í framsetningu á upplýsingum. Unnin verður sérstakur „hamur“

við Kortavefinn og þannig birt önnur útfærsla af honum með þeim upplýsingum sem eiga við þann markhóp, á því vefsvæði.

Verkefni þetta er unnið í nánu samstarfi við Íslandsstofu og snýr að framsetningu á upplýsingum um Suðurland sem fjárfestingarkosti. Unnið hefur verið að undirbúningi vefsins með fyrirmyndum frá öðrum sveitarfélögum og svæðum víðsvegar um heiminn. Mótaður hefur verið rammi að þeim upplýsingum sem þar eiga að koma fram, megináherslum fyrir svæðið og uppbyggingu vefsins. Unnið hefur verið í efnistökum og verið er að koma vefnum í loftið um þessar mundir.

*Verkefnisstjóri er Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS.*

*http://www.sass.is/upplysingavefur-fyrir-fjarfesta-invest-in-south/*

## 10. Starfamessa á Selfossi 2019

Verkefnið snýr að undirbúningi við Starfamessuna sem haldin var á árinu 2019. Verkefnið snýr að þeim tilkostnaði sem fellur til við undirbúning verkefnisins á árinu 2018 svo sem vegna funda verkefnastjórnar, samráðs við skólastjórnendur og funda með náms- og starfsráðgjöfum á Suðurlandi við undirbúninginn. Starfamessan var haldin 10. apríl 2019 í húsnæði FSu. Að þessu sinni var Starfamessan að öllu leyti í verknámshúsnæði FSu.

*Verkefnisstjóri er Ingunn Jónsdóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS.*

*http://www.sass.is/starfamessa-a-selfossi-2019/*

## 11. Starfakynning í Vestmannaeyjum 2018

Verkefninu er lokið en verkefnið var unnið af Visku símenntunarmiðstöð í Vestmanneyjum og fór starfakynningin fram vorið 2018. Markmið verkefnisins var að auka þekkingu ungs fólks í Vestmannaeyjum á störfum sem krefjast menntunar. Í heildina var 61 starf kynnt á samstals níu sviðum. Starfssviðin voru eftirfarandi: Heilbrigðisvísindasvið, ferðamálasvið, menntavísindasvið, ráðgjafasvið, iðn- og tæknisvið, sjávarútvegssvið, viðskiptasvið, raungreinasvið og öryggissvið. Hver bás var með fleiri en einn kynningaraðila sem skiptu tímanum á milli sín og voru þátttakendurnir í heildina um 85 manns. Þar sem að kynningarnar fóru fram allan tímann í sjálfstæðum básum gafst gott tækifæri til að leita sér upplýsinga bæði um nám og störf. Niðurstöður könnunar sem send var til gesta á kynningunni strax í kjölfarið gefur vísbendingu um notagildi slíkrar kynningar en 73,2% töldu að hún gæti hjálpað þeim við að taka ákvörðun um nám eða starf. Nemendur voru jafnframt undirbúnir undir kynninguna með verkefni sem auðveldaði þeim að einbeita sér að þeim störfum sem vöktu áhuga þeirra.

Að auki var lagt út með það markmið að efla tengsl atvinnulífs og skóla. Viðbrögð atvinnulífsins við þessari hugmynd voru frá upphafi mjög jákvæð. Sérstaklega tók iðn- og tæknigeirinn vel við sér og var ljóst að hann leit á starfakynninguna sem kærkomið tækifæri til að auka áhuga ungs fólks á þessum störfum. Það tókst að fjölga þátttakendum frá fyrri sýningu og segja má að markmið um að opna augu bæði nemenda og annarra í bæjarfélaginu fyrir starfaheiminum á eyjunni hafi tekist.

*Verkefnisstjórar voru Sólrún Bergþórsdóttir og Anna Rós Hallgrímsdóttir, starfsmenn Visku í Vestmannaeyjum.*

*http://www.sass.is/starfakynning-i-vestmannaeyjum-2018/*

## 12. Námskeiðaröð fyrir frumkvöðla á Suðurlandi

Verkefnið gengur út á að setja saman röð námskeiða fyrir frumkvöðla á Suðurlandi sem mæta þeirri þörf sem, samkvæmt niðurstöðu könnunar á vegum Uppbyggingarsjóðs, er hve ríkust meðal þessa hóps. Fyrsti hluti námskeiðaraðar var tveggja daga námskeið í markaðssetningu á netinu, haldið á Selfossi 29.-30. apríl. Námskeiðið sóttu 30 aðilar svo þörfin er greinileg. Á fyrri degi námskeiðsins var farið yfir grunninn í markaðssetningu, markaðssetningu á netinu og samfélagsmiðla í markaðssetningu. Seinni daginn fengu þátttakendur einkaráðgjöf þar sem farið var yfir fyrirliggjandi gögn hvers og eins í markaðssetningu og forgangsröðun með aðgerðalista unnin.

Í undirbúningi er að halda námskeiðið aftur nú á haustdögum og nýta þá tæknina þannig að flytja það í gegnum netið með gagnvirkum hætti svo allir í landshlutanum eigi kost á að sækja það.

Í framhaldinu verða svo haldin fleiri námskeið sem eru í mótun en þar er verið að skoða efni eins og frumkvöðlafræði, verkefnastjórnun, áætlanagerð ofl.

*Verkefnastjórar eru Þórður Freyr Sigurðsson og Hrafnkell Guðnason ráðgjafar og verkefnastjórar á vegum SASS.*

*http://www.sass.is/namskeidarod-fyrir-frumkvodla-a-sudurlandi/*

## 13. Nýsköpunarkeppni framhaldsskólanna á Suðurlandi - 1. áfangi

Verkefnið gengur út á að koma á fót árlegri nýsköpunarkeppni milli framhaldsskóla á Suðurlandi, sem myndi bera heitið Nýsköpunarkeppni framhaldsskólanna á Suðurlandi. Markmiðið er að efla þann kraft sem býr í framhaldsskólanemendum til að skapa frambærileg nýsköpunarverkefni, bjóða upp á fyrsta flokks stoðefni og stuðning fyrir nemendur og efla almenna nýsköpunarvitund. Verkefni þetta er smátt í sniðum og snéri einungis að því að kanna möguleika á að halda slíka keppni og leggja til frekari tillögu um framkvæmd. Fulltrúar frá öllum framhaldsskólunum á Suðurlandi fundaðu ásamt ráðgjöfum 2018 og er unnið að mótun nýrra leiða til að koma á nýsköpunarkeppni með öðrum hætti.

*Verkefnisstjórar eru Hrafn Sævaldsson og Ingunn Jónsdóttir ráðgjafar og verkefnastjórar á vegum SASS.*

*http://www.sass.is/nyskopunarkeppni-framhaldsskolanna-a-sudurlandi-1-afangi/*

## 14. Hvatningarverðlaun á sviði atvinnuþróunar-, nýsköpunar og menningar á Suðurlandi

Um er að ræða viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni, annars vegar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og hins vegar á sviði menningarmála. Verkefninu hefur verið skipt í tvennt og verða menningarverðlaun veitt í október 2019, og verðlaun tengd atvinnuþróun-, og nýsköpun veitt fyrri hluta ársins 2020. Verkefninu er ætlað að vekja athygli á því sem vel er gert í landshlutanum á þessum sviðum. Verkefnið tengist þannig þeim málefnasviðum sem SASS kemur helst að á sviði ráðgjafaverkefna og með úthlutunum Uppbyggingarsjóðs Suðurlands á þessum tveimur málefnasviðum. Fyrir eru sambærilegar viðurkenningar veittar af SASS á sviði menntamála.

*Verkefnisstjóri er Guðlaug Ósk Svansdóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS.*

*http://www.sass.is/hvatningarverdlaun-a-svidi-atvinnuthrounar-nyskopunar-og-menningar-a-sudurlandi/*

## 15. Fræðsla og samvinna ungmennaráða á Suðurlandi

Verkefnið er á lokametrunum og aðeins fjögur sveitarfélög á Suðurlandi eiga eftir að fá fund/fræðslu hjá ungmennaráðinu. Um er að ræða kostnaðarþátttöku í ferða- og fundarkostnaði ungmenna í Ungmennaráði Suðurlands við þátttöku þeirra í fundum og kynningarstarfi á Suðurlandi. Verkefnið er m.a. að kynna Handbók ungmennaráða fyrir kjörnum fulltrúum, ungmennum og starfsfólki sem vinnur við málaflokkinn í hverju sveitarfélagi á Suðurlandi. Fulltrúar úr ráðinu sinna þannig ákveðinni handleiðslu fyrir sveitarfélög á Suðurlandi og aðstoða sum þeirra við stofnun ungmennaráðs í heimabyggð. Það er Gunnar E. Sigurbjörnsson tómstunda- og forvarnarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar sem vinnur með ráðinu.

*Verkefnisstjóri er Guðlaug Ósk Svansdóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS.*

*http://www.sass.is/fraedsla-og-samvinna-ungmennarada-a-sudurlandi/*

## 16. Skaftárhreppur til framtíðar (Brothætt byggð í Skaftárhreppi)

Lokaafurð verkefnisins Skaftárhreppur til framtíðar (Brothættar byggðir) er í meginatriðum sú að snúa við viðvarandi fólksfækkun af svæðinu og má segja að það hafi tekist með miklum ágætum. Einnig hefur tekist að efla grunninnviði svæðisins eins og öflugra rafmagn, lagning ljósleiðara sem er í ferli, bættar samgöngur og veghald. Þá hefur samfélagið styrkst með tilkomu beinna styrkja til ýmissa samfélagslegra verkefna og í atvinnu-, og nýsköpun. Við lok verkefnisins var verkefnið að fullu komið á forræði sveitarfélagsins og voru ráðnir tveir verkefnastjórar, atvinnufulltrúi og kynningarfulltrúi Skaftárhrepps, hvor um sig í 50% starfi.

*Verkefnisstjóri er Þuríður Helga Benediktsdóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS.*

*http://www.sass.is/skaftarhreppur-til-framtidar-brothaett-byggd-i-skaftarhreppi/*

# ÁHERSLUVERKEFNI SÓKNARÁÆTLUNAR ÁRIÐ 2019

1. Úrgangsmál og meðferð úrgangs - Umhverfis- og auðlindastefna Suðurlands
2. Aðgerðaráætlun um loftlagsmarkmið Suðurlands
3. Ráðstefna um náttúruvá
4. Umhverfis- og þematengdar samgöngur – Ferðamannaleiðir
5. Starfamessa 2019
6. Aðgerðaráætlun um eflingu lýðfræðilegrar þróunar miðsvæðisins
7. Svæðisskipulag Suðurhálendis – Forathugun
8. Fjárhagslegt gildi landbúnaðar á Suðurlandi
9. Jafningjafræðsla á Suðurlandi - forvarnir gegn vímuefnum
10. Starfshópur um húsnæðisúrræði nemenda við Fsu
11. Reko matarmarkaðir á Suðurlandi
12. Almenningssamgöngur sem liður í byggðaþróun
13. Samræmd ímynd og ásýnd Suðurlands í myndum og textum
14. Áhrif stækkunar hafnarinnar í Þorlákshöfn á atvinnuþróun á Suðurlandi

## 1. Úrgangsmál og meðferð úrgangs - Umhverfis- og auðlindastefna Suðurlands

Verkefni þetta byggir á fyrra verkefni Umhverfis- og auðlindastefnu Suðurlands og tillögu samráðsfunda sem haldnir voru um landshlutann með þátttöku yfir 200 aðila, um gerð umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland. Verkefnið snýr að mótun samræmdar stefnu í úrgangsmálum fyrir Suðurlandið sem taki til söfnunar, flokkunar, endurnýtingar og urðunar úrgangs á grunni hringrásarkerfisins og einnig á fræðslu. Aðgerðaráætlunin verður unnin í 2-3 áföngum og verður byggð á greiningum og skýrslum sem þegar hafa verið unnar á Suðurlandi. Verkefnið er unnið samhliða, og eins miklu samstarfi og hægt er, innleiðingu stjórnvalda á Hringrásarhagkerfinu.

Að verkefni loknu mun mikilvægt framfaraskref í umhverfismálum og vitundarvakningu hafa verið tekið og mótuð heildstæð, sameiginleg stefna landshlutans, sem kallað hefur verið eftir.

*Verkefnisstjóri er Elísabet Björney Lárusdóttir umhverfisfræðingur og verkefnastjóri á vegum SASS*

http://www.sass.is/urgangsmal_og_medferd_urgangs/

## 2. Aðgerðaráætlun um loftlagsmarkmið Suðurlands

Kolefnisspor og loftlagsmál snerta alla og greining lausna til úrbóta fyrir landshlutann er mikilvægt skref. Verkefni þetta miðar að því að reikna út kolefnisspor Suðurlands í heild sinni, greina orsakavalda kolefnislosunar og möguleika á samdrætti og mótvægisaðgerðum fyrir Suðurland. Fyrsti hluti verkefnisins var að ráða Stefán Gíslason hjá Umhverfisráðgjöf Íslands ehf /Environice. Hlutverk Stefáns er m.a. að ráðleggja um aðferðafræði við útreikninga á kolefnisspori landhlutans, afla tölulegra upplýsinga og leggja fram fyrstu drög að aðgerðaráætlun sem miðar að því að minnka kolefnissporið, auk aðstoðar við framsetningu og túlkun niðurstaðna. Samkvæmt samningu á verkefnið að vera lokið í lok október 2019.

*Verkefnisstjóri er Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur hjá Umhverfisráðgjöf Íslands ehf /Environice.*

http://www.sass.is/kolefnisspor_sudurlands/

## 3. Ráðstefna um náttúruvá

Verkefni þetta var mótað vegna kalla eftir skýrari reglum sem stuðla að forvörnum varðandi náttúruvá og hvernig forvarnir geta verið hluti af skipulagsáætlunum sveitarfélaganna eða á höndum opinberra aðila til að kortleggja og meta vá, vegna skipulagsáætlana, mannvirkja og framkvæmda. Ráðstefnan var haldin á Hótel Selfossi 17. maí 2019 í samvinnu við lögregluembættin og almannavarnir á Suðurlandi og Vestmannaeyjum og voru þátttakendur um 120. Framsögumenn voru m.a. frá Veðurstofu Íslands, Almannavörnum ríkisins, Lögreglustjóri Suðurlands og/eða Vestmannaeyjum, skipulagsstofnun, Háskóla Íslands, ásamt fulltrúum sveitarfélaga á Suðurlandi.

Ráðstefnan opnaði á frekari umræðu og viðbrögð við almannavörnum og skipulagsmálum á Suðurlandi m.t.t. forvarna þar sem öryggi íbúa og gesta skiptir megin máli. Verkefninu er lokið og má sjá og hlusta á öll erindin sem voru flutt inn á heimasíðu SASS, undir áhersluverkefni 2019.

*Verkefnisstjóri er Guðlaug Ósk Svansdóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS.*

*http://www.sass.is/radstefna_um_natturuva/*

## 4. Umhverfis- og þematengdar samgöngur – Ferðamannaleiðir

Verkefni þetta var þróað út frá hugmyndum um dreifingu og stýringu ferðamanna um Suðurland  með skilgreindum áhuga- og áningastöðum sem byggja á umhverfisvænum og þematengdum samgöngum og taka mið af niðurstöðum Áfangastaðaáætlunar Suðurlands. Þegar hafa þættir sem hafa þarf til hliðsjónar við undirbúning og gerð slíkrar leiðar verið skilgreindir og teknir saman í handbókum, sem taka m.a. mið af góðum fyrirmyndum hérlendis og erlendis. Verða þær í framhaldinu kynntar fyrir sveitarfélögunum og öðrum sem hag kunna að hafa af verkefninu. Samantekt verður gerð á skilgreindum ferðaleiðum og nýjar skipulagðar, undirbúningur nýrra ferðaleiða er þegar hafinn. Ferðamannaleiðirnar skulu vera fyrir fjölbreyttan ferðamáta. Einnig skal draga fram helstu tegundir ferðaþjónustu á Suðurlandi á leiðunum út frá þemum/markhópum. Leiðarnar verða kortlagðar skv. þrískiptingu Suðurlands og birtar á kortavef SASS og nýttar til kynningar fyrir ferðamenn á vef Markaðsstofu Suðurlands. Einnig er hugað að samræmingu merkinga ferðaleiðanna.

*Verkefnisstjóri er Dagný Hulda Jóhannsdóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS..*

*http://www.sass.is/ferdamannaleidir/*

## 5. Starfamessa 2019

Starfamessan er kynning fyrir ungmenni í tveimur efstu bekkjum grunnskóla og tveimur fyrstu árum framhaldsskóla á Suðurlandi á þeim námsleiðum og störfum í verk-, tækni- og iðngreinum sem í boði eru á svæðinu til að auka áhuga og þátttöku þeirra. Rúmlega 50 kynnendur tóku þátt en verkefnið var unnið í samstarfi við Atorku, sunnlensk fyrirtæki og skóla sem sameinast um að kynna sig og sínar náms- og atvinnugreinar á líflegan og spennandi hátt fyrir ungmennin. Starfamessan var haldin í þriðja sinn á Selfossi þann 10. apríl og var vefsíðan www.starfamessa.is sett upp í aðdraganda hennar. Í ár var einnig unnið árangursmat en þar kom skýrt fram að kynnendum finnst messan skipta máli þar sem 68% svarenda telja að hún hafi leitt til aukinnar aðsóknar í iðn-, verk- og tækninám og 93% sögðust myndu taka þátt aftur ef hún yrði haldin í fjórða skipti.

*Verkefnisstjóri er Ingunn Jónsdóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS.*

*http://www.sass.is/starfamessa2019/*

## 6. Aðgerðaáætlun um eflingu lýðfræðilegrar þróunar miðsvæðisins

Markmið verkefnisins er hugsað til að draga úr veltuhlutfalli íbúa á miðsvæði Suðurlands um 25% á næstu

þremur árum og fjölga fjölskyldufólki á svæðinu um 25% á næstu þremur árum. Til að uppfylla markmiðin þarf breiða samstöðu og sátt með samstarfsfélögum, svo sem sveitarfélögum á svæðinu, sí- og endurmenntunaraðilar, atvinnurekendur og íbúar. Verkefnið er í fjórum áföngum, 1) Rannsókn og greining: samsetning og viðhorf íbúa. Greina ólíka hópa eftir tilgangi, markmiðum og tækifærum vegna búsetu á svæðinu. 2) Móttökuáætlanir: sameiginleg stefnumótun um umgjörð og þjónustu nýbúa m.t.t. niðurstaðna 1. hluta. 3) Markaðsgreining og markaðsetning: niðurstöður 1. og 2. hluta verða nýttar og styrkleikar svæðisins skilgreindir sem og markhópar greindir. 4) Markaðsáætlun og markaðssetning til 5 ára mótuð. Verkefnastjórnun og verkefnaáætlun: verkefnastjórnun þessa sértæka verkefnis ásamt gerð verkefnaáætlunar um önnur aðgerðum sem styðja við verkefnið

*Verkefnisstjórar eru Kristín Vala Þrastardóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS og Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS.*

*http://www.sass.is/adgerdaaaetlun_um_eflingu_lydfraedilegrar_throunar/*

## 7. Svæðisskipulag Suðurhálendis – Forathugun

Verkefni þetta miðar að hvatningu til sveitarfélaganna sem eiga land að hálendi Suðurlands til að vinna að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið. Horft var m.a. til verndunar og nýtingar á svæðinu í heild og skoðaðar skilgreiningar á hvar mörk Suðurhálendisins liggja. Í framhaldinu, ef vilji væri til þess, verði unnið svæðisskipulag fyrir svæðið í heild sinni.

Sveitarfélögin 12, sem land eða hagsmuna eiga að hálendinu, skipuðu hvert tvo kjörna aðalmenn og einn til vara í starfshóp og verkefnisstjórn fékk Gísla Gíslason landslagsarkitekt og ráðgjafa hjá verkfræðistofunni EFLU til að leiða vinnuna.

Starfshópurinn átti tvo fundi í ágúst og september á Hvolsvelli og Flúðum. Á fyrri fundinum fór Eva Björk Harðardóttur, formaður SASS, yfir ályktanir SASS í tengslum við sameiginlega sýn í skipulagsmálum á hálendinu og hugmyndir um miðhálendisþjóðgarð. Í framhaldi kynnti Gísli vinnu- og skipulagsferli, möguleg efnistök og aðferðafræði við gerð svæðisskipulags fyrir svæðið.

Á síðari fundinn kom Hafdís Hafliðadóttir, sviðsstjóri hjá Skipulagsstofnun, sem kynnti landskipulagsstefnuna með áherslu á þá þætti sem snúa að miðhálendinu. Í framhaldi fór Gísli ráðgjafi yfir frumdrög að skipulagslýsingu fyrir Suðurhálendið. Gísli fór einnig yfir drög að verk- og kostnaðaráætlun fyrir verkefnið en áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er 56 – 71 m.kr. án vsk og áætlaður verktími er um 4 ár. Niðurstaða fundanna var að leggja fyrir sveitastjórnir helstu niðurstöður svo hvert og eitt sveitarfélag geti tekið afstöðu til framhaldsins.

Starfshópurinn og verkefnisstjórn lagði til við sveitarfélögin 12 að farið verði í að vinna svæðisskipulag fyrir Suðurhálendið. Hópurinn lagði jafnframt til að hvert sveitarfélag skipi til samræmis við skipulagslög tvo aðalmenn og tvo til vara í starfshóp sem vinnur að gerð svæðisskipulagsins. Loks var lagt til að sveitarfélögin heimiliðu SASS að ganga til samninga við EFLU á grunni framagreindra gagna.

Framangreind tilllaga er nú til samþykktar hjá sveitarstjórnum en nokkur hafa nú þegar samþykkt hana.

*Verkefnisstjóri er Bjarni Guðmundsson framkvæmdarstjóri SASS.*

*http://www.sass.is/svaedisskipulag_sudurhalendis/*

## 8. Fjárhagslegt gildi landbúnaðar á Suðurlandi

Um er að ræða þátttöku í verkefni sem unnið var hjá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar. Gerð skýrslu með góðu yfirliti yfir umfang landbúnaðar á Íslandi og staðbundið vægi atvinnugreinarinnar, er það gert vegna breytinga í ytra umhverfi atvinnugreinarinnar. Nýttar eru opinberar tölur auk sérgagna frá RSK 2009-2016.




**Mynd 5.5: Rekstrartekjur þriggja búgreina skipt eftir landshlutum árið 2016.**
Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands. Talið í milljónum króna.

Kom meðal annars fram að landbúnaður sé stærstur á Suðurlandi, sé horft til rekstrartekna, eða um 28%.

Til viðbótar við þetta verkefni mun garðyrkja vera tekin fyrir sérstaklega á Suðurlandi og er sá áfangi enn í vinnslu.

*Verkefnisstjóri er Vífill Karlsson ráðgjafi hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi.*

http://www.sass.is/fjarhagslegt_gildi_landbunadar/

## 9. Jafningjafræðsla á Suðurlandi – forvarnir gegn vímuefnum

Verkefnið er mótað til að auka forvarnir á Suðurlandi með áherslu á forvarnir gegn vímuefnum. Á móti fjármögnun verkefnisins úr úr Sóknaráætlun Suðurlands er þriðjungur þess fjármagnaður úr rekstri SASS í tilefni af 50 ára afmæli SASS á árinu 2019.

Eitt sveitarfélag mun „hýsa" verkefnið og ráða ungmenni til starfa. Fjögur ungmenni munu starfa yfir sumarið og heimsækja vinnustaði ungmenna, í öllum sveitarfélögum, eftir að hafa lokið jafningjafræðslunámi á vegum Reykjavíkurborgar.

Að lokum verður unnin samantekt um verkefnið og árangursmat auk kynningar á ársþingi SASS.

*Verkefnisstjóri er Guðlaug Ósk Svansdóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS og Gunnar E. Sigurbjörnsson hjá Sveitarfélaginu Árborg.*

http://www.sass.is/jafningjafraedsla-a-sudurlandi-forvarnir-gegn-vimuefnum/

## 10. Starfshópur um húsnæðisúrræði nemenda við Fsu

Verkefnið var unnið til að leita lausna á knýjandi þörf fyrir úrbætur á húsnæðisvanda framhaldsskólanema á Suðurlandi. Fjölbrautaskóli Suðurlands (FSu) á Selfossi er stærsti framhaldsskóli landshlutans, en hann er einnig með fjölbreytt námsframboð í starfsnámi auk víðtækrar þjónustu við nemendur með sértækar stuðningsþarfir. Þar er ekki lengur starfrækt heimavist.

Ungmennaráð Suðurlands og ársþing SASS 2018 skoruðu á ríkisvaldið að ganga til samstarfs við heimamenn um úrlausn á þessum vanda og hvetur skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands til að auka þjónustu við íbúa Suðurlands.

Myndaður var starfshópur sem kortleggur þörfina fyrir heimavist eða önnur búsetuúrræði fyrir námsmenn við FSu. Sveitarfélögin 13 sem eru eigendur að Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) krefjast þess að starfrækt verði

heimavist við skólann. Sveitarfélögin skora á mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér í málinu og skora jafnframt á skólanefnd og stjórnendur skólans að vinna að uppbyggingu heimavistar.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi ályktuninni:

> *Frá og með árinu 2016 var starfsemi heimavistar við Fjölbrautaskóla Suðurlands hætt. Ungmenni af stóru svæði sem þessi þrettán sveitarfélög spanna eiga þess ekki kost að nýta sér almenningssamgöngur til að sækja nám og því er um alvarlegan forsendubrest samstarfs um skólann að ræða. Til þess að ungmenni þessa svæðis njóti jafnréttis til náms er mikilvægt að unnið verði hratt og örugglega við að koma upp heimavist við skólann.*

Starfshópurinn vinnur áfram að framgangi málsins m.a. með því að funda með mennta- og menningarmálaráðherra og skólanefnd FSu.

*Verkefnisstjóri er Bjarni Guðmundsson framkvæmdarstjóri SASS*

*http://www.sass.is/starfshopur-um-husnaedisurraedi-nemenda-vid-fsu/*

## 11. Reko matarmarkaðir á Suðurlandi

Verkefnið snýr að stuðningi við kynningarstarf REKO markaða á Suðurlandi en verkefnið er rekið á eftirstöðvum fjármagns til verkefnisins Sunnlenskar vörur. REKO hugmyndafræðin gengur út á milliliðalaus viðskipti matvælaframleiðenda og er verkefnið hugsað sem stuðningur við framleiðendur, þeim til hvatningar við að kynna og koma á matarmörkuðum út frá hugmyndafræði REKO matarmarkaða á öllu Suðurlandi. REKO matarmarkaður hefur nú verið stofnaður á Selfossi og Höfn.

*Verkefnisstjóri er Ingunn Jónsdóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS.*

*http://www.sass.is/reko-matarmarkadir-a-sudurlandi/*

## 12. Almenningssamgöngur sem liður í byggðaþróun

Verkefnið styður við áframhaldandi þróun almenningssamgangna á Suðurlandi og viðhaldi skipulagðra akstursþjónustu í landshlutanum. Fyrirhugað er að stutt verði við leiðir sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna út frá byggðalegum sjónarmiðum og stutt við skólaakstur úr dreifbýli í þéttbýli og til höfuðborgarsvæðisins. Einnig verði hugað að nýtingu vistvænna orkugjafa.

Almenningssamgöngur og hreyfing fótgangandi og á hjólum eru raunhæfir valkostir sem draga úr umhverfisáhrifum, samgöngukostnaði og bæta lýðheilsu ásamt því að draga úr orkuþörf samgangna. Varðandi tvo síðarnefndu samgöngumátana verður þó að hafa í huga að þeir eru vart raunhæfir valkostir þegar ferðast er um langan veg í rysjóttu tíðarfari.

Eitt af markmiðum í nýsamþykktri samgönguáætlun 2019 – 2033 er að íbúar landsbyggðarinnar eigi kost á að komast til höfuðborgarsvæðisins á um 3,5 klst. samþættum ferðatíma, akandi, með ferju og/eða í flugi. Annað markmið stjórnvalda er að almenningssamgöngur verði umhverfislega sjálfbærar og að þær dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Framgreind markmið hafa verið leiðarljós við vinnslu verkefnisins á síðustu mánuðum en ljóst er að til að tryggja aðgengi að þjónustu, þ.m.t. nauðsynlegri opinberri þjónustu, auka hreyfanleika og áreiðanleika, styrkja og stækka vinnusóknarsvæði þarf skilvirkar almenningssamgöngur. Auk þess sem þær eru liður í lífskjarasamning stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Tilgangur þess að efla almenningssamgöngur er að:

- fjölga valkostum í samgöngum og bæta hreyfanleika og aðgengi að þjónustu
- draga úr þörf fyrir dýrar, rýmisfrekar samgönguframkvæmdir
- draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum

Aldraðir, börn og ungmenni nýta sér almenningssamgöngur meira en aðrir hópar. Með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar á komandi áratugum mun fólki með skerta hreyfigetu fjölga og því brýnna að huga að aðgengi fyrir alla við hönnun samgöngumannvirkja og samgöngutækja.

Rekstur almenningssamgangna hefur verið erfiður síðustu ár. Forgangsverkefni er að viðhalda lítt breyttu þjónustustigi gagnvart íbúum og gestum og það er gert með því að standa vörð um núverandi leiðakerfi og tíðni ferða.

*Verkefnisstjóri er Bjarni Guðmundsson framkvæmdarstjóri SASS.*

http://www.sass.is/almenningssamgongur-sem-lidur-i-byggdathroun/

## 13. Samræmd ímynd og ásýnd Suðurlands í myndum og textum

Verkefni þetta er hugað til að styrkja ímynd og ásýnd Suðurlands í formi mynda og texta fyrir landshlutann þar sem auðlindir, náttúra, menning og mannlíf væri í forgrunni. Gerður verður sameiginlegur textabanki á íslensku og ensku þar sem sameiginleg ásýnd, áherslur og auðlindir eru dregnar fram til þess að nýta til kynningar, upplýsingagjafar og fleira. Skráningu mynda og texta yrði með merki (e. tag) sem auðveldar uppflettingar og leit. Verkefnið mun nýtast sveitarfélögum, klösum, SASS og Markaðsstofu Suðurlands í efni s.s. á vefsíðum, kynningum, skýrslum o.fl. Staða verkefnis í september er sú að textahöfundar eru komnir af stað að vinna texta og valdar hafa verið myndir í myndabanka en flokkun og vinnslu er ólokið.

*Verkefnisstjóri er Dagný Hulda Jóhannsdóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS.*

http://www.sass.is/samraemd-imynd-og-asynd-sudurlands-i-myndum-og-textum/

## 14. Áhrif stækkunar hafnarinnar í Þorlákshöfn á atvinnuþróun á Suðurlandi

Frekari uppbygging í kringum höfnina í Þorlákshöfn passar vel við þá framtíðarsýn sem talað er um í Sóknaráætlun Suðurlands og mun það hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf á svæðinu þar sem líkur eru á að fjölbreytileiki og fjölda starfa muni fjölga mikið. Slíkt mun laða að fleiri íbúa sem og gesti vegna haftengdrar ferðaþjónustu. Atvinnusköpun í kringum höfnina hefur jákvæð umhverfisáhrif fyrir landið í heild þar sem siglingaleiðin frá Evrópu styttist mikið. Samhliða því mun kolefnisspor vegna farm- og fólksflutninga minnka umtalsvert. Verkefni þetta uppfyllir því allar þær kröfur sóknaráætlunar um gæði, hreinleika, umhverfisvitund og jákvæða samfélagsþróun. Verkefnið miðar fyrst og fremst að því að kortleggja jákvæð efnahagsleg og umhverfisleg áhrif af uppbyggingu hafnarinnar í Þorlákshöfn á íbúa- og atvinnuþróun á Suðurlandi. Sem og að kortleggja sóknarfæri sunnlenskra fyrirtækja og nýsköpun tengt stækkun hafnar Þorlákshafnar. Verkefnið er fyrsti þáttur í stærra verkefni en markmiðin eru skýr, þau eru að greina sóknarfæri í atvinnu- og íbúaþróun á Suðurlandi; auka fjölbreytni í atvinnulífi; skapa aukin verðmæti á Suðurlandi og lágmarka umhverfisáhrif með nýsköpun. Verkefnið er enn í vinnslu.

*Verkefnisstjóri er Grétar Ingi Erlendsson hjá sveitarfélaginu Ölfusi.*

http://www.sass.is/ahrif-staekkunar-hafnarinnar-i-thorlakshofn-a-atvinnuthroun-a-sudurlandi/

# UNGMENNARÁÐ SUÐURLANDS

Ungmennaráð Suðurlands hefur starfað frá árinu 2017 og vakið eftirtekt víða um land m.a. hjá öðrum landshlutasamtökum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ungmennaráð eru starfandi hjá flestum sveitarfélögum á Suðurlandi og öll eiga þau sæti Ungmennaráði Suðurlands. Starfsemi ungmennaráða er mikil í heimabyggð og einnig á Suðurlandi í heild. Ungmennaráð Suðurlands er fyrsta ráð sinnar tegundar sem stofnað var á Íslandi. Það kemur saman a.m.k. tvisvar á ári og notar auk þess samfélagsmiðla til að vinna saman á milli funda. Ungmennaráðið fundar einu sinni á ári með stjórn SASS og hefur það samtal haft góð áhrif á ýmis verkefni en sjónarmið ungmennaráðs er SASS mikilvæg. Fyrir SASS er starfið hjá Ungmennaráði Suðurlands svo mikils metið að rekstur þess er fjármagnaður af samtökunum.
Fulltrúar í ráðinu hafa frá stofnun þess flutt erindi á ársþingi SASS og sagt frá störfum þess á liðnu starfsári og hvað sé framundan. Þau hafa auk þess tekið beinan þátt í áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands og verið fulltrúar ráðsins á öðrum vettvangi m.a. vegna kynninga og aðstoðað við stofnun ungmennaráða í öðrum landshlutum.
Fulltrúar úr ráðinu eiga sæti í nefndum á vegum SASS, s.s. samgöngunefnd og nefnd um heimavist við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Allir aðalmenn í ráðinu tóku þátt í samráðsfundinum um Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024 sem fram fór á Hótel Selfossi í maí 2019 og höfðu þannig bein áhrif á mörkun stefnu sóknaráætlunar landshlutans.
Á heimasíðu SASS má finna nánari upplýsingar um Ungmennaráð Suðurlands. Þar eru einnig hagnýtar upplýsingar s.s. Handbók ungmennaráða sem er fyrir ungmenni, kjörna fulltrúa og alla þá sem starfa með ungmennum og ungmennaráðum.

*Verkefnastjóri er Guðlaug Ósk Svansdóttir ráðgjafi og verkefnastjóri á vegum SASS.*

# ALMENNINGSSAMGÖNGUR

SASS gerði samning við Vegagerðina 2011 um að samtökin tækju að sér skipulag og rekstur á almenningssamgöngum á Suðurlandi. Í framhaldi fóru samtökin í þarfagreiningu og gerð á útboðsgögnum. Að loknu útboði á akstrinum var samið við Hópbíla en Strætó bs. hefur einnig komið að rekstrinum, enda tengjast leiðarkerfi Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins. Akstur á vegum samtakanna hefur því um komandi áramót staðið í átta ár og með undirbúningi í tæp níu ár.

Reksturinn var í jafnvægi strax í upphafi og farþegum fjölgaði jafnt og þétt næstu árin og sem jákvæð áhrif á tekjur. Árið 2013 var farþegafjöldinn tæplega 190 þúsund og þjónusta var aukin í kjölfar góðrar rekstrarniðurstöðu.

Árið 2014 var 9% aukning, heildar farþegafjöldi var 204.446, og reksturinn var í jafnvægi og skilaði um 2 m.kr. rekstrarafgangi af rúmlega 280 m.kr. veltu.

Árið 2015 fækkaði hins vegar farþegum um 26 þúsund frá fyrra ári, sem er um 13% samdráttur, en á sama tíma jukust farþegatekjur um 11 m.kr. eða 7,5%. Þetta skýrist af hækkun fargjalda og að farþegar keyptu dýrari ferðir. Árið 2015 var tap á rekstrinum tæplega 11 m.kr. af rúmlega 300 m.kr. veltu.

Árið 2016 fækkaði farþegum aftur um tæpleg 24 þúsund frá fyrra ári, sem er um 13% samdráttur en á sama tíma jukust farþegatekjur um tæplega 16 m.kr. eða 11%. Líkt og árið 2015 skýrist þetta af hækkun fargjalda og

að farþegar keyptu dýrari ferðir. Árið 2016 var tap á rekstrinum tæplega 2 m.kr. af rúmlega 322 m.kr. veltu.

Árið 2017 fækkaði farþegum aftur um 7 þúsund frá fyrra ári, sem er um 5% samdráttur. Árið 2017 var tap á rekstrinum um 22 m.kr. af tæplega 337 m.kr. veltu.

Árið 2018 fækkaði farþegum aftur um 20 þúsund frá fyrra ári, sem er um 13% samdráttur. Árið 2018 var tap á rekstrinum um 36 m.kr. af tæplega 346 m.kr. veltu.

Nokkur óvissa ríkir um reksturinn á seinni hluta ársins 2019 en að því gefnu að tekjur og gjöld séu sambærileg við það sem var árið á undan og það sem af er ári má gera ráð fyrir um 8 m.kr. tapi af rekstrinum í ár. Af einstökum þáttum virðist góðærið hafa mest áhrif á fækkun farþega og þar með minnka tekjur.

| Ár | Fjöldi farþega | Breyting milli ára [%] | Afkoma í [m.kr.] |
|---|---|---|---|
| 2012 | 143.000 | | -3 |
| 2013 | 187.000 | 31 | 22 |
| 2014 | 204.000 | 10 | 2 |
| 2015 | 178.000 | 13 | -11 |
| 2016 | 155.000 | 13 | -2 |
| 2017 | 148.000 | 5 | -22 |
| 2018 | 128.000 | 13 | -36 |

Lög nr. 28/2017 um fólks- og farmflutninga voru endurskoðuð og nýtt frumvarp var afgreitt frá Alþingi í maí 2017 og tóku nýju lögin gildi 1. júní 2017. Einkaréttur sveitarfélaga á almenningssamgöngum er samkvæmt nýju lögunum betur tryggður en í þeim eldri og Samgöngustofa á að hafa raunhæf úrræði til að bregðast við brotum á þeim einkarétti s.s. með leyfissviftingu.

Í ágúst 2018 sendi lögfræðingur samtakanna erindi til Samgöngustofu þar sem athugasemd var gerð við að hópferðaleyfishafar virtu ekki einkarétt samtakanna og var þess krafist að þeir yrðu sviftir rekstrarleyfum. Niðurstaða Samgöngustofu var að aðilar hefðu brotið á einkarétti samtakanna en svifting á rekstrarleyfi þótti að svo komnu máli of íþyngjandi úrræði.

SASS hefur á undangengnum árum lagt mikla áherslu á að ríkið standi við gerða samninga við sveitarfélögin um almenningssamgöngur og telur að samstaða um aksturinn sé forsenda daglegs reksturs og áframhaldandi þróunnar, sérstaklega fyrir íbúa og þá sem sækja landshlutann heim.

Í heildina hefur tekist vel til við aksturinn á Suðurlandi og almenn ánægja er hjá notendum. Þó er mikilvægt að halda vöku sinni við rekstur og þróun almenningssamgangna í landshlutanum og raunar landinu öllu. Forsenda reksturs og þróunnar almenningssamgangna er gott samstarf og samheldni sveitarfélaga og SASS hefur verið í ágætu samstarfi við önnur landshlutasamtök og Samband Íslenskra sveitarfélaga.

Mikil tækifæri liggja í að bæta nýtinguna á ferðum á milli Suðurlands og Reykjavíkur og þá sérstaklega til þeirra sveitarfélaga sem tilheyra vinnusóknarsvæði höfuðborgarsvæðisins og þá helst frá Árborgarsvæðinu, Ölfusi og Hveragerði. Almenningssamgöngur á Suðurlandi ná yfir stórt landsvæði og hafa m.a. því hlutverki að gegna að auka umferðaröryggi, þjónustu við íbúa og fyrirtæki. Íbúar verða að eiga þann kost að geta ferðast á milli staða á ódýran, öruggan og umhverfisvænan máta.

Á sama tíma og almenningssamgöngur eru mikilvægur þáttur í byggðaþróun og skipta landsmenn miklu máli geta samtökin, og þar með sveitarfélög á Suðurlandi, ekki tekið á sig halla af rekstri þeirra. Það sjónarmið hefur verið ítrekað á ársþingum samtakanna síðustu ár. SASS og önnur landshlutasamtök sögðu samningi sínum upp við Vegagerðina 2018 og sú uppsögn átti að taka gildi frá og með 1. janúar 2019. Vegagerðin, f.h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, gerði á árinu 2018 upp tap samtakanna af rekstri almenningssamgangna fram til loka árs 2017. Viðbótarframlagið frá Vegagerðinni var að fjárhæð 13 m.kr. Vegagerðin óskaði eftir því á árinu 2018 að SASS sinnti rekstrinum árið 2019 og það samþykktu samtökin með því skilyrði að tæplega 36 m.kr. tap ársins 2018 yrði gert upp. Það tap er enn óuppgert af hálfu Vegagerðarinnar. Um mitt sumar 2019 ákvað samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið að fela Vegagerðinni rekstur almenningssamgangna frá og með næstu áramótum. Samtökin vona að áframhaldandi farsælt samstarf ríki um rekstur almenningssamgangna á Suðulandi og í raun landinu öllu, notendum þjónustunnar til heilla.

Samtökin hafa jafnframt áréttað mikilvægi þess að heimamenn hafi aðkomu að rekstri almenningssamgangna vegna staðbundinnar þekkingar á þörf og leiðarvali. Lögð hefur verið rík áhersla á að við breytinguna búi sunnlenskt samfélaga a.m.k. við sama þjónustustig og verið hefur.

# ART VERKEFNIÐ

ART teymið skipa Sigríður Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri, grunnskólakennari og ART þjálfari, Gunnar Þór Gunnarsson, félagsráðgjafi og ART þjálfari og Katrín Þrastardóttir Art þjálfi með BS í sálfræði. Katrín hóf störf hjá ART teyminu í lok febrúar 2017. Hún var áður deildarstjóri og í afleysingum í sérkennslu á leikskólanum Krakkaborg í Flóahreppi. Katrín var í barneignafríi fram til 1. september sl. og í stað hennar kom Bjarni Bjarnason í afleysingar sem vertaki.

Sigríður hefur aukin réttindi sem ART þjálfari og má því þjálfa aðra til að verða ART þjálfarar. ART teymið veitir meðferð og handleiðslu á öllu Suðurlandi að Vestmannaeyjum og Höfn í Hornafirði frátöldum. Námskeiðshald og handleiðsla er sífellt stækkandi þáttur í starfsemi teymisins og er töluverð eftirspurn eftir námskeiðum og handleiðslu af öllu landinu.

ART teymið sinnir töluverðri meðferðarvinnu á Suðurlandi og er börnum vísað til teymisins annars vegar í gegnum skóla og/eða heimili og hins vegar gegnum barnaverndarnefndir á svæðinu. Í slíkum málum vinnur teymið með börnin og fjölskyldur þeirra í náinni samvinnu við heimaskóla barnanna. Þá eru börnin gjarnan í bekkjar ART tímum með bekkjarfélögum í skólanum sínum samhliða fjölskyldu ART tímunum með fjölskyldunum.

ART teymið hefur á liðnu tímabili haft 67 einstaklinga í meðferð að meðtöldum eftirfylgni erindum. Erindin eru frá ýmsum skólum á Suðurlandi allt frá Kirkjubæjarklaustri og til Þorlákshafnar. Á fundi inntökuráðs í maí sl. voru 20 ný erindi samþykkt fyrir haustönn 2019 auk þess sem teymið er með 23 eftirfylgni erinda.

Þrjú grunnskólanámskeið, eitt leikskólanámskeið voru haldin á tímabilinu. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er að fara af stað með ART hópa líkt og Verkmenntaskóli Austurlands hefur boðið upp á til fleiri ára.

Eins og fyrri ár er stöðug óvissa um fjármögnun ART verkefnisins á fjárlögum hjá ríkinu sem hefur haft slæm áhrif á vöxt og viðgang starfsins. Árið 2018 var gerður tveggja ára samningur fyrir árin 2018 og 2019. Nú er 2019 senn á enda og áframhaldandi vinna heldur því áfram við að tryggja verkefninu fjármagn og fá gerðan frambúðarsamning við velferðarráðuneytið sem Barnaverndarstofa hefur gert f.h. ráðuneytisins.

Núverandi samningur byggir á niðurstöðum sem nú liggja fyrir úr rannsókn sem velferðarráðuneytið óskaði eftir að yrði gerð. Rannsóknin var framkvæmd af Rannsóknarstofu í barna-og fjölskylduvernd og var hún gerð á tímabilinu september 2017 til maí 2018. Niðurstöður úr rannsókninni eru mjög góðar fyrir verkefnið en þar segir m.a. *„ART þjálfunaraðferðin kemur til móts við skort á úrræðum á fleiru en einu sviði. Annars vegar sem meðferðarúrræði fyrir börn sem glíma við alvarleg tilfinninga- og hegðunarvandkvæði og hins vegar sem tæki til að halda uppi almennum aga og góðum samskiptum í skólastarfi.“* Nálgast má rannsóknina í heild sinni á heimasíðu ART teymisins www.isart.is

Sveitarfélögin á Suðurlandi hafa staðið þétt við bakið á ART verkefninu og reynst því vel í baráttunni um fjármagn og ber að þakka það. Að sjálfsögðu vonumst við til að svo verði áfram og að sveitarstjórnum og öðrum takist að hafa áhrif á fjárveitingavaldið þannig að fjármögnun verkefnisins sé tryggð til næstu ára. Þannig getur teymið áfram byggt ofan á reynslu undangenginna ára til heilla fyrir íslensk börn, ungmenni og fjölskyldur. Einkunnarorð ART teymisins eru „Vandað, hagkvæmt og árangursríkt“.

# SAMNINGAR

Í gildi er samningur um Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 sem undirritaður var af mennta- og menningarmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og formanni SASS, 10. febrúar 2015. Sóknaráætlun Suðurlands er fjármögnuð með samningi við ráðuneytin og með framlögum frá sveitarfélögunum. Samtals renna til Sóknaráætlunar Suðurlands ríflega 120 m.kr. á árinu 2019. Gildistími samnings um sóknaráætlanir landshluta og þar með Uppbyggingarsjóðs er til loka árs 2019. Nýr samningur sem gildir fyrir árin 2020 – 2024 tekur gildi 1. janúar nk.

Samningur Byggðastofnunar og SASS um atvinnu- og byggðaþróun var endurnýjaður 23. janúar 2018 og gildir hann til loka árs 2022.

SASS gerði viðaukasamning um kaup á ráðgjafaþjónustu við Háskólafélag Suðurlands og Markaðsstofu Suðurlands.

Þjónustusamningur er í gildi á milli Eignarhaldsfélags Suðurlands (EFS) og SASS. Hann kveður á um að samtökin sjái um daglega umsjón og verkefni fyrir EFS, s.s. undirbúning stjórnarfunda og svara fyrirspurnum um félagið í umboði stjórnar. Verkefnin falla einkar vel að verkefnum samtakanna, sérstaklega því sem snýr að atvinnuþróun og ráðgjöf. Samstarfið hefur gengið vel og er reiknað með að það standi til frambúðar. Stjórn EFS hefur komið að margvíslegum verkefnum gegnum tíðina og hafa sum þeirra á fyrri stigum verið styrkt af Vaxtarsamningi Suðurlands eða Uppbyggingarsjóð Suðurlands.

Nánari upplýsingar um Eignarhaldsfélagið er að finna á heimasíðu sjóðsins www.efs.is.

# UMSAGNIR OG ÁLYKTANIR

Á starfsárinu sendi stjórn frá sér fjölmargar ályktanir og umsagnir til stofnana og opinberra aðila. Nánar er fjallað um framangreint á heimasíðu SASS.

# LOKAORÐ

Viðburðaríkt fimmtugasta starfsár SASS er að baki en samtökin voru stofnuð 12. apríl 1969. Samtökin eru síung enda hefur tekist á liðnum árum að skipuleggja starfið þannig að samtökin hafa ávallt verið vel í stakk búin til að takast á við þau krefjandi verkefni sem fyrir liggja eða frumundan eru. Verkefni sem stuðlað hafa að jákvæðri samfélags- og byggðaþróun á Suðurlandi.

Eins og sjá má í þessari árskýrslu SASS hafa verkefnin sem samtökin hafa sinnt á liðnu tímabili verið fjölbreytt. Stjórn hefur tekið fjölmörg mál til umfjöllunar á tímabilinu en þau hafa m.a. snúið að umsögnum um frumvörp á Alþingi, umsögnum um stefnumörkun ríkisins í mikilvægum málaflokkum og umsögnum um þingsályktanir svo nokkur dæmi séu tekin. Ekki má gleyma aðkomu samtakanna að atvinnuráðgjöf, rekstri almenningssamgangna, Sóknaráætlun Suðurlands og ART verkefninu en þessi verkefni skipta samfélagið á Suðurlandi miklu máli.

Eitt af þeim verkefnum sem hefur verið fyrirferðamikið hjá samtökunum það sem af er árinu 2019 er mörkun stefnu í Sóknaráætlun Suðurlands fyrir árin 2020 – 2024. Núgildandi samningur, sem einnig var til fimm ára, rennur út í árslok 2019 og nýr samningur tekur gildi í ársbyrjun 2020.

Drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024 voru birt á samráðgátt Stjórnarráðsins 25. september sl. og gafst hagaðilum tækifæri til að skila inn umsögnum til 8. október. Mótun nýrrar sóknaráætlunar var unnin í nánu samráði við aðila í landshlutanum. Íbúafundir voru haldnir um sérhvert málefni og tóku um 400 íbúar þátt í fundunum. Afurð fundanna voru megin áherslur íbúa sem lagðar voru til nánari úrvinnslu á fundi samráðsvettvangs sem var skipaður 100 einstaklingum, sveitarstjórnarfólki, Ungmennaráði Suðurlands og íbúum skipuðum af sveitarfélögunum fimmtán á Suðurlandi. Á þeim fundi var markmiðum forgangsraðað og þau tengd Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Í ferlinu var ákveðið að skipta sóknaráætluninni í þrjá málaflokka: atvinna og nýsköpun, umhverfi og samfélag. Eru það jafnframt þrjú megin málefni sjálfbærrar þróunar. Tekin verður grunnstaða í öllum mælanlegum markmiðum 1. janúar 2020 og reglulega fylgst með stöðunni til loka árs 2024. Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024 er landshlutabundin byggðaáætlun Sunnlendinga. Stefnan stýrir ákvörðun um val á áhersluverkefnum (aðgerðum) og við úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands á vegum samtakanna. Drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 – 2024 fylgja með fundargögnum.

Núverandi stjórn sem starfað hefur í rúmt ár taldi hún rétt, líkt og gert var fyrir ári síðan, að staldra við og meta stöðuna og horfa til framtíðar. Stjórnin hélt vinnufund þann 27. september sl. þar sem fjallað var um starf og hlutverk samtakanna og helstu verkefni. Farið var yfir tækifæri og ógnanir í ytra umhverfinu og í innra umhverfi, hvað væri vel gert og hvað mætti betur fara. Í framhaldi var farið yfir helstu verkefni og þeim forgangsraðað. Ráðgjafi hjá ráðgjafafyrirtækinu Artemis var fengin til að stjórna vinnufundinum og taka saman helstu niðurstöður. Stjórn mun áfram fjalla um minnisblaðið til að geta tekið afstöðu til hvaða verkefnum skuli sinnt og hvaða áherslur skuli vera í starfi stjórnar á komandi starfsári en markmiðið er sem fyrr að verkefnin stuðli að jákvæðri samfélags- og byggðaþróun á Suðurlandi. Umræður sem þessar eru mikilvægt veganesti fyrir vinnu stjórnar og starfsmanna samtakanna fyrir komandi tímabil.

**SASS**
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA